



**Albert „Vinur litla mannsins“  
Valdabaráttan í Sjálfstæðisflokknum**

Dagrún Snorradóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Febrúar 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Albert „Vinur litla mannsins“  
*Valdabaráttan í Sjálfstæðisflokknum***

Dagrún Snorradóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði

Leiðbeinandi: Svanur Kristjánsson

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2014

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Dagrún Snorradóttir 2014  
280176-4009

Reykjavík, Ísland 2014

## Útdráttur

Albert Guðmundsson var þekktur knattspyrnumaður á sínum yngri árum en varð síðar einn umdeildasti stjórnmálamaður okkar tíma. Hann varð borgarfulltrúi og síðar alþingismaður og ráðherra fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Mikil valdabarátta var innan Sjálfstæðisflokksins þegar hann hóf sinn ferill en flokkurinn var klofinn í tvær fylkingar. Prófkjör urðu algeng innan flokksins upp úr 1970 og juku þau persónustjórnsmál innan hans. Albert náði góðum árangri í prófkjörum með hjálp Hulduhersins sem dóttir hans stjórnaði. Hann var þekktur fyrir að gera fólki greiða og var fyrirgreiðslan áberandi á hans ferli. Hafskipsmálið hafði mikil áhrif á hans pólistíska feril. Hann klauf Sjálfstæðisflokkinn árið 1987 og stofnaði Borgaraflokkinn. Albert náði undraverðum árangri með Borgaraflokki sem var aðeins mánaðargamall þegar kosið var. Kosningaúrslitin árið 1987 verða gerð skil og hvað gerðist eftir þau.

## **Formáli**

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til BA gráðu í Stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 (ECTS) eininga af 120 eininga námi í stjórnmálafræði og 60 eininga námi í sagnfræði. Leiðbeinandi minn var Svanur Kristjánsson og honum vil ég þakka fyrir góða leiðsögn og samstarf.

## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	4
Efnisyfirlit .....	5
Inngangur.....	6
1 Kenningaleg umfjöllun .....	8
1.1 Stjórn mála flokkar .....	9
1.2 Persónustjórn mála.....	12
1.3 Prófkjör .....	13
1.4 Framboðsaðferðir Sjálfstæðisflokksins.....	15
1.5 Fyrirgreiðslan .....	18
2 Valdabaráttan í Sjálfstæðisflokknum 1970-1987.....	20
2.1 Hafskipsmálið .....	26
3 Albert Guðmundsson.....	28
3.1 Albert býður sig fram til forseta. Forsetakosningarnar 1980 .....	30
4 Borgaraflokkurinn .....	31
4.1 Úrslit kosninga .....	35
4.2 Hvað gerðist eftir kosningarnar?.....	37
5 Niðurstöður .....	39
Heimildaskrá .....	43

## Inngangur

Albert Guðmundsson var þekktur knattspyrnumaður á sínum yngri árum lék með bestu félagsliðum í Evrópu en varð síðar einn umdeildasti stjórnmálamaður okkar tíma. Hann varð borgarfulltrúi og síðar alþingismaður og ráðherra fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann bauð sig fram í forsetakosningunum 1980 með ágætum árangri. Hann klauf Sjálfstæðisflokkinn 1987 og stofnaði Borgaraflokkinn. Albert náði undraverðum árangri með Borgaraflokki sem var stofnaður aðeins mánuði fyrir kosningar.

Þegar Albert hóf þátttöku í stjórnmálum var mikil valdabaráttu innan Sjálfstæðisflokksins og flokkurinn klofinn í tvær fylkingar.

Í ritgerðinni er Sjálfstæðisflokkurinn skoðaður og settar fram tilgátur um hvað olli valdabaráttu innan flokksins framboðsaðferðir flokksins verða ræddar og gerð grein fyrir hvaða áhrif þær höfðu.

Leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum: Hver eru áhrif prófkjörs á skipulag stjórnmálaflokka og hvort persónustjórnmál aukast innan flokka með prófkjörum? Hér er einkum skoðaður Sjálfstæðisflokkurinn frá árinu 1970 til 1987. Albert og Borgaraflokkurinn náði góðu fylgi í alþingiskosningunum árið 1987, því er spurt: Hvernig tókst Alberti og Borgaraflokki að ná svo miklu fylgi? Hefði Albert komist til metorða hjá Sjálfstæðisflokki ef prófkjör hefðu verið lokuð? Hvað varð Alberti að falli?

Uppbygging ritgerðarinnar er á þá leið að eftir inngangi kemur fyrsti kafli sem nefnist , Kenningaleg umfjöllun. Þar verða kenningar Max Weber um störf stjórnmálamannsins skoðaðar. Hlutverk stjórnmálaflokkana verða skilgreind og rætt hvað það er sem einkennir íslensku flokkana. Fjöldaflokkar eru mun algengari í nágrannaríkjum Íslands og gerður verður samanburður á þeim og stjórnmálaflokkunum á Íslandi hvað varðar meðlimi flokksins og skipulag. Útskýrt verður hvert framlag stjórnmálaflokkana er til lýðræðis og skoðaðar verða hugmyndir breska stjórnmálafræðingsins Alan Ware á því hvernig hægt er að styrkja lýðræðislega stjórnunarhætti flokkana.

Þá verða persónustjórnmál útskýrð svo og tilgátur um að prófkjör auki persónustjórnmál í stjórnmálaflokkunum og þær verða skoðaðar.

Prófkjör er sú framboðsaðferð sem hefur verið algengust síðustu ár. Þau geta verið með ýmsum hætti. Fjallað verður um prófkjörsaðferðir og hvaða áhrif þau hafa á skipulag stjórnmalaflokkana. Framboðsaðferðir Sjálfstæðisflokksins verða skoðaðar en þeir hafa notað opin prófkjör einna mest af stjórnmalaflokkum á Íslandi. Skilgreint verður hvað felst í fyrirgreiðslupólítík og helstu gagnrýni á henni.

Í öðrum kafla verður valdabaraátta innan Sjálfstæðisflokksins í brennidepli.

Kafla þrjú fjallar um Albert, hver er maðurinn? Ferill hans verður rakinn og stjórnmalamaðurinn Albert skoðaður.

Fjórti kafla fjallar um klofning Alberts úr Sjálfstæðisflokknum eftir Hafskipsmálið og ósætti við Þorstein Pálsson formann flokksins. Einnig verða örlög Borgaraflokksins rædd og endalok stjórnmaluferils Alberts.

Í fimmta kafla verða niðurstöður ræddar og spurningunum hér að ofan svarað. Ég mun að síðustu leggja mitt mat á efni ritgerðarinnar.



# 1 Kenningaleg umfjöllun

Með kenningalegri umfjöllun verða skyldgreind og útskýrð nokkur hugtök sem tengjast viðfangsefni ritgerðarinnar. Kenning Max Weber um starf stjórnámamannsins er komin til ára sinna en nær að útskýra vel hvað stjórnámamaðurinn gerir til að ná völdum svo hann nái fram markmiðum sínum.<sup>1</sup>

Samkvæmt kenningu Weber er stjórnámamaður sá sem stundar stjórnámál og sækist eftir völdum. Völdin notar stjórnámamaðurinn til að ná öðrum markmiðum og skiptir ekki máli hvort markmiðin ráðast af hugsjónum hans eða hvort hann er aðeins að hugsa um eigin hag.<sup>2</sup>

Weber skiptir valdinu í þrjá flokka hefðarforustu, náðarforystu og lögmæt yfirráð. Dæmi um hefðarforystu eru ættfeður og arfakóngar. Valdið flyst á milli kynslóða, oft innan sömu fjölskyldu. Grundvallast af hefð sem hefur gilt í fjölda mörg ár. Foringinn fer með völdin og fer hann eftir hefðum og venjum fyrirennara sinna. Hefðin er kannski ekki rökrétt en áður fyrr voru oftast karlmenn sem höfðu forgang til ríkiserfða fram fyrir konur. Það er kannski ekki rangt en ekki heldur rökrétt.<sup>3</sup>

Næst kemur náðarforysta. Náðarforysta er leiðtogi með sérstaka náðargáfu. Hann nær að hrífa fylgjendur sína með sér og fá þá til að treysta sér. Hann fær þá til þess að fylgja sér og trú á sig. Hann hefur eiginleika mikils foringja. Ef hann missir fylgi sitt eða fellur frá, er tvennt sem gerist: Fylgismenn hans og sú hreyfing sem hann var búinn að mynda í kringum sig hættir eða valdið fær nýja birtingamynd.<sup>4</sup> Sumir leiðtogar ná að skilja leifar af náðarvaldi sínu eftir þegar þeir yfirgefa þennan heim. Trúarleiðtogar eru gott dæmi og vald kirkjunnar er einnig af þessum toga.<sup>5</sup>

Þriðji flokkurinn sem Weber nefnir er lögmæti, yfirráð sem reist eru á lögmæti. Menn fylgja settum reglum og skynsemi og fylgja valdi stjórnenda sem uppfylla kröfur eftir

---

<sup>1</sup> Max Weber, *Mennt og máttur*, (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1973),122.

<sup>2</sup> Weber, *Mennt og máttur*, 121.

<sup>3</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 2 útg, (Reykjavík: Háskóli Íslands, 2007),17.

<sup>4</sup> Weber, *Mennt og máttur*, 122.

<sup>5</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*,18.

lögum og reglum. Ætlast er til að menn gegni lögboðnum skyldum sínum.<sup>6</sup> Stjórnmalamaðurinn þarf ekki að vera sammála lögnum svo hann fari eftir þeim. Í nútímaríkjum er mikill hluti af valdi af þessum toga.<sup>7</sup>

Stjórnmalahugsuðum fyrri tíðar stóð kannski ógn af stjórnmalaflokkum þó er raunin sú að ekkert lýðræðisríki hefur getað komist af án stjórnmalaflokka.<sup>8</sup> Á Íslandi er stjórnmalamaðurinn oftast nær hluti af hreyfingu eða flokki. Hann getur bæði verið foringi eða horfið inn í fjöldann. En víkjum þá að hlutverki stjórnmalaflokka og einkennum íslensku flokkanna.

## 1.1 Stjórnmalaflokkar

Í flestum lýðræðisríkjum eru megingerendur stjórnmalanna, stjórnmalaflokkar. Hlutverk þeirra er að bjóða fram í þingkosningum og stjórna þjóðfélaginu. Flokkarnir velja frambjóðendur til að bjóða fram í kosningum. Í engu þingræðisríki nema á Íslandi er opnum prófkjörum beitt við val á frambjóðendum. Að þessu leiti er staða Íslands einstök.

Stjórnmalaflokkar á Íslandi hafa aldrei verið sjálfstæðar, skipulagðar og sterkar heildir. Hagsmunasamtök hafa séð flokkunum fyrir skipulagsgrunni og stefnu. Prófkjörin nota flokkarnir til þess að reyna að tengjast samfélaginu með nýjum hætti, reyna að bæta þannig ímynd sína. Veiking flokkanna hefur haft miklar og neikvæðar afleiðingar fyrir stjórnarfarið í landinu. Sundurlyndi innan þeirra hefur aukist með minnkandi valdi flokkana í framboðsmálum. Stefnuleysi eykst með auknu sundurlyndi og verður stefnuleysi flokkanna þess valdandi að áhrif þeirra fara dvínandi við stjórnun landsins. Ábyrgð flokkanna gangvart kjósendum verður minni og einnig völd þeirra. Prófkjörin geta stuðlað að vanþróðu pólitísku kerfi og sundurlyndi innan

---

<sup>6</sup> Weber, *Mennt og máttur*, 122.

<sup>7</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 18.

<sup>8</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 89.

flokkanna. Stjórn málflokkar þola frekar innanflokksátök en klofning og stofnun nýrra flokka sem orsaka varnalegt fylgistap telja þeir verri kost.<sup>9</sup>

Munurinn á íslenskum stjórn málaflokkum og stjórn málaflokkum í nágrannalöndunum okkar er einkunn sá að stjórn málaflokkar í nágrannalöndunum eru oftast svokallaðir „Mass parties“ eða fjöldaflokkar. Þeir voru algengasta form stjórn málaflokka á seinni hluta nítjándu aldar en fór hnignandi um miðja tuttugustu öld.

Það sem einkennir fjöldaflokka er skipulag þeirra. Aðildarfélög flokkana reyna að ná sem flestum meðlimum til sín. Fjöldaflokkarnir leggja áherslu á þátttöku og á pólitíska fræðslu sem þeir veita meðlimum sínum.<sup>10</sup>

Fjöldaflokkar eru oft myndaðir utan þjóðþinga og eru t.d. flokkar verkalýðshreyfingarinnar. Þessir flokkar eru taldir hafa aukið forskot á aðra um hylli kjósenda því skipulagið auðveldar þeim að ná til fjölda kjósenda.<sup>11</sup>

Þar sem stjórn málaflokkarnir eru veikir er virkni í stjórn málum lítil. Einstaklingar takast á um völd innan flokkana í auknum mæli og verða mun meira áberandi en flokkurinn. Fjölmíðlar leika stórt hlutverk því þeir eru mjög uppteknir af persónum einstakra stjórn málaflokka, einkalífi og daglegu amstri.

Þegar stjórn málaflokkar eru vel skipulagðir bera kjósendur ósjálfrátt meira traust til þeirra. Veikir flokkar nota frekar glannalegar aðferðir til þess að fá athygli kjósenda, m.a. með fyrirgreiðslu og innihaldslitlum yfirlýsingum.<sup>12</sup>

Eitt af hlutverkum stjórn málaflokka er að auðvelda kjósendum að draga stjórn málamenn til ábyrgðar. Þeir flokkar sem gera það styrkja lýðræðið en hinir veikja það. Með auknum prófkjörum hafa íslenskir stjórn málalokkar minnkað framlag sitt til lýðræðis og afsalað valdi yfir frambjóðendum sínum og kjörnum fulltrúum flokksins.<sup>13</sup> Á síðustu áratugum hafa stjórn málaflokkar á Íslandi ekki þróast í takt við önnur svið þjóðfélagsins. Stjórn málaflokkar eru ekki eingöngu hlekkur í stjórnun þjóðfélagsins heldur hafa þeir mikilvægu hlutverki að gegna í mótun lýðræðis.

---

<sup>9</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála. Fjór flokkarnir 1959-1991*. (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1994), 220-221.

<sup>10</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 120.

<sup>11</sup> Gunnar Helgi Kristinsson. „Fjölmennustu flokkar heims: meðlimaskipulag Íslenskra stjórn málaflokka.“ *Stjórn máll og stjórnsýsla*. 2. Tbl. 6 árg. 2010, 129.

<sup>12</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála. Fjór flokkarnir 1959-1991*, 229.

<sup>13</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála. Fjór flokkarnir 1959-1991*, 246.

Breski stjórn málafræðingurinn Alan Ware telur að stjórn mála flokkar geti styrkt lýðræðislega stjórnarhætti sína með þrennum hætti.

Fyrst má nefna að flokkarnir geta tryggt að þjóðfélaginu sé stjórnað með hagsmuni einstaklingana að leiðarljósi.

Flokkarnir geta aukið þekkingu fólks á stjórn málum jafnframt því að auka vitund hvers og eins á samfélagslegum réttindum og skyldum.

Að lokum getur stjórn mála flokkur gert stjórn málamenn ábyrga. Forystumenn stjórn mála flokka eru fulltrúar sem eru kjörnir og kosnir af kjósendum og eiga þeir að bera ábyrgð gagnvart þeim. Enginn stjórn mála flokkur á Íslandi hefur hlotið meirihluta atkvæða eða meirihluta þingmanna í kosningunum til Alþingis.<sup>14</sup>

Það sem er nokkuð sérstakt við stjórn mála flokkana á Íslandi er hversu marga meðlimi þeir hafa á skrá hjá sér. Mun fleiri en þeir sem kjósa flokkinn og mun fleiri en þekkist í öðrum þróuðum lýðræðisríkjum.<sup>15</sup> Þegar teknar eru saman meðlimafjöldi sem stjórn mála flokkarnir gefa upp, er fjöldinn tæplega eitt hundrað þúsund. Hlutfallslega fjölgar meðlimum flokkana meira en kjósendum á milli kosninga. Þetta þekkist ekki í nágrannalöndum okkar og er ástæðan fyrir þessum mikla fjölda meðlima í íslenskum stjórn mála flokkum rakinn til prófkjara.<sup>16</sup>

Mikill fjöldi fólks skráir sig í stjórn mála flokk aðeins til þess að taka þátt í prófkjöri og gleymir síðan að skrá sig úr flokknum að prófkjöri loknu. Stundum getur tekið nokkurn tíma að skrá sig úr stjórn mála flokki eftir prófkjör því ekki er lögð áhersla í viðkomandi flokki að leiðrétta meðlimaskrá. Ekki er heldur gerð krafa á að meðlimir stundi einhverja vinnu s.s. mæti á fundi hjá flokknum eða greiði félagsgjöld.<sup>17</sup>

Stjórn mála flokkar leggja mismunandi áherslu á að efla skipulögð samtök borgarana. Sá flokkur sem hefur lagt mesta áherslu á það hér á landi er Sjálfstæðisflokkurinn. Í Reykjavík eru til að mynda öflug hverfasamtök og hafa verið í mörg ár. Ef flokkur nær

---

<sup>14</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála. Fjórflokkarnir 1959-1991*, 243-245.

<sup>15</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, „Fjölmennustu flokkar heims: meðlimaskipulag Íslenskra stjórn mála flokka.“, 125.

<sup>16</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, „Fjölmennustu flokkar heims: meðlimaskipulag Íslenskra stjórn mála flokka“, 128.

<sup>17</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, „Fjölmennustu flokkar heims: meðlimaskipulag Íslenskra stjórn mála flokka“, 146.

að skipuleggja sitt innra starf vel er hann kominn með ákveðið forskot í samkeppninni um atkvæði.<sup>18</sup>

Það er allt of algengt að stjórnámamenn sem eru hluti af stjórnámáflokk fylgi eigin sannfæringu, þvert á skoðanir flokksins. Það kallast persónustjórnám.

## 1.2 Persónustjórnám

Persónustjórnám kallast það þegar forystumenn í stjórnámum fylgja eigin sannfæringu og starfa því fyrst og fremst á eigin vegum, ekki flokksins. Þetta leiðir til þess að stjórnámáflokkar veikjast og óánægja almennings eykst.<sup>19</sup>

Á Íslandi hafa tengsl milli kjósenda og stjórnámamanna veikst undanfarna áratugi. Persónustjórnám skapa ekki sannfærandi og heildstæða stefnu í stjórnámum og verða því valkostir kjósenda í kosningum óljósari. Stefnumótun stjórnámamannsins mótast af hagnunasamtökum og þrýstihópum en ekki af umboði frá kjósendum. Helstu afleiðingar aukinna persónustjórnámála eru átök og valdabarátta einstaklinga innan flokka og pólitískra stofnanna. Fjölmiðlar spila stórt hlutverk í persónustjórnámum og eru þeir uppteknir af persónum einstakra stjórnámamanna og einkalífi þeirra.<sup>20</sup>

Persónustjórnám og opin prófkjör hafa veikt stjórnámáflokka. Sveiflur á fylgi þeirra hafa að sama skapi aukist en flokkshollusta minnkað. Flokksagi hefur dregist saman og fara deilur innan flokkana fram fyrir opnum tjöldum. Ráðherrar innan sama flokks deila opinberlega um stefnu í einstaka málum. Einnig hefur stefnumótun dregist saman og samræmt starf stjórnámáflokkanna á landsvísu.<sup>21</sup>

---

<sup>18</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, „Fjölmenustu flokkar heims: meðlimaskipulag Íslenskra stjórnámáflokka“, 129.

<sup>19</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnámála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 224-225.

<sup>20</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnámála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 229.

<sup>21</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnámála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 239.

### 1.3 Prófjör

Ein helsta tilraun stjórnmaflokka á Íslandi til að auka lýðræði innan þeirra var að gefa almenningi kost á að hafa áhrif með lýðræðislegum hætti og halda prófjör þegar velja átti frambjóðendur. Prófjör hafa á sama tíma aukið persónustjórnmal innan íslenskra stjórnmaflokka og veikt þá.<sup>22</sup>

Prófjör urðu algeng eftir 1970. Fyrir þann tíma var ein aðal ástæða þess að þingmaður náði ekki kjöri í kosningum hár aldur eða hann hætti vegna veikinda. Einnig var algengt að þingmenn færu að starfa hjá hinu opinbera.<sup>23</sup> Framboðsaðferðir innan stjórnmaflokkananna á Íslandi voru mjög svipaðar á árunum 1959-1970. Flokksstofnanir sem skipaðar voru fulltrúum úr hverju kjördæmi sáu um framboðin og að velja á lista. Þegar framboðslistar voru myndaðir var aðalatriðið að samræma mismunandi sjónarmið innan flokksins í hverju kjördæmi fyrir sig. Fulltrúar voru kosnir af flokksfélögunum og áttu þeir að stilla upp listanum.<sup>24</sup>

Það fór að gæta óánægju með þetta fyrirkomulag á 7. áratugnum því endurnýjun innan flokkanna þótti ekki vera nægilega mikil.<sup>25</sup> Óánægju gætti m.a. hjá ungum kjósendunum sem töldu að erfitt væri fyrir nýtt fólk að komast á framboðslista, sama fólkíð sæti á framboðslistunum kjörtímabil eftir kjörtímabil.

Trú fólks á innra lýðræðiskerfi flokkanna dvínaði og áttu sumir flokkar í erfiðleikum með að réttlæta ákvarðanir sínar við val á frambjóðendum. Þessi óánægja varð til þess að flokkarnir breyttu fyrirkomulagi sínu þegar valið var á lista fyrir kosningar og prófjör urðu algeng. Þetta varð til þess að þáttaskil urðu í kosningunum 1971 í endurnýjun þingmanna og nýliðarnir urðu yngri en venja var.<sup>26</sup>

Stjórnmaflokkanum tókst að gera framboðslistana lýðræðislegri með því að hafa prófjör, því opnara sem val á frambjóðendum var því meira lýðræði ríkti á kostnað flokksræðis.<sup>27</sup>

---

<sup>22</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 225.

<sup>23</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 9.

<sup>24</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 109-110.

<sup>25</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 126.

<sup>26</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 17.

<sup>27</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 37.

Prófkjör eru ein helsta framboðsaðferð sem íslenskir stjórnmálaflokkar hafa tekið upp í seinni tíð. Prófkjör eru talin vera góð leið til að gefa einstaklingum tækifæri til þátttöku í stjórnmálum. Prófkjörin hafa verið gagnrýnd, með þeim séu stjórnmálaflokkarnir að setja ábyrgðina í hendur kjósenda og frambjóðendur verði að taka á sig fyrirhöfn og kostnað vegna framboðsins.<sup>28</sup>

Oftast er talað um tvenns konar fyrirkomulag á prófkjörum. Þau eru annað hvort opin eða lokuð. Þegar átt er við opin prófkjör þá er vísað til þess að fólkið en ekki flokksstofnanirnar eigi að ráða framboðsmálum.<sup>29</sup> Á Íslandi hafa opin prófkjör rutt sér til rúms síðustu ár og er mismunandi hvernig stjórnmálaflokkar haga þeim.

Prófkjör geta falið í sér aukið aðhald og geta losað um tök leiðtoga flokkana á íslensku stjórnmálalífi.<sup>30</sup> Hins vegar geta prófkjörin haft slæm áhrif á innra starf flokkana og þá sérstaklega ef um opin prófkjör eru að ræða.

Opin prófkjör eru ekki bara opin fyrir þá sem eru skráðir í þann stjórnmálaflokk þar sem prófkjörið fer fram heldur fyrir hinn almenna óflokksbundna kjósenda. Geta allir sem áhuga hafa á röðun framboðslista viðkomandi flokks tekið þátt án þess þó að þurfa að vera flokksbundnir. Þetta getur leitt til smölunar. Með smölun er átt við að frambjóðandi getur fengið alla vini og ættingja til þess að kjósa sig þó þeir séu óflokksbundnir og hafa kannski engan eða lítinn áhuga á stjórnmálum. Samt sem áður geta þeir haft áhrif á framboðslistana og hjálpað um leið kunningjum sínum upp metorðastigann í flokknun.<sup>31</sup> Stjórnmálaflokkarnir geta líka fengið kjósendur til þess að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við flokkinn. Einnig geta þeir fengið þá til að skrá sig í flokkinn rétt fyrir prófkjör og skrá sig síðan úr honum að prófkjöri loknu.

Áður en opin prófkjör urðu tíð voru einstakir flokkar þar á meðal Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík með lokuð prófkjör. Aðeins þeir sem voru skráðir í flokkinn gátu kosið í prófkjörinu, ekki var hægt að skrá sig í flokkinn rétt fyrir prófkjör. Víða tíðkaðist að velja á framboðslista og voru þá sérstakar uppstillinganefndir eða kjördæmisráð sem

---

<sup>28</sup> Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir, *Konur, flokkar og framboð*, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001), 47.

<sup>29</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnmála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 38.

<sup>30</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 126.

<sup>31</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 127.

sáu um það. Sjálfstæðisflokkurinn hefur notast við prófkjör í ríkari mæli en aðrir flokkar. Fyrst voru þau í borgarstjórnarkosningum en eftir 1970 hafa prófkjör verið allsráðandi aðferð til að velja á framboðslista fyrir alþingiskosningar. Oftast þarf kjördæmaráð að samþykkja framboðslistann og geta því orðið breytingar á listanum þó það sé ekki hægt að kalla það lýðræðisleg vinnubrögð.<sup>32</sup>

#### 1.4 Framboðsaðferðir Sjálfstæðisflokksins

Eins og áður sagði var Sjálfstæðisflokkurinn duglegur að halda prófkjör þegar velja átti frambjóðendur. Skipulag flokksins breyttist mikið við prófkjörin en áður voru formenn flokksins ekki kosnir beinni kosningu, nema þá Bjarni Benediksson en hann var fyrsti formaður flokksins sem var kosinn í lýðræðislegri kosningu, innan flokksins.<sup>33</sup> Eitt af einkennum Sjálfstæðisflokksins er fyrirgreiðslupólitík og var hún allsráðandi í Reykjavík þegar flokkurinn var með meirihluta. Á löngum valdatíma flokksins í borginni gat hann byggt upp fyrirgreiðslukerfi. Í nær öllum hverfum borgarinnar voru stofnuð hverfasamtök en þau notaði Sjálfstæðisflokkurinn til að komast nær kjósendum.<sup>34</sup>

Prófkjör flokksins voru ekki alltaf með sama sniði en stundum þurfti að hagræða úrslitunum eða kerfinu sem notað var í prófkjörinu. Þó svo að prófkjörin ættu að stuðla að meira lýðræði innan flokksins var auðvelt fyrir forystu flokksins að ákveða annað og hagræða eftir því sem hentaði þeim best.<sup>35</sup>

Sjálfstæðisflokkurinn varð til árið 1929 með samruna tveggja þingflokka, Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Ekki var flokkurinn með fastmótað skipulag utan veggja Alþingis. Engar formlegar reglur voru í flokknum, hverjir tækju ákvörðun um framboð flokksins eða tilhögun framboðs eða hvernig ætti að leysa ágreiningsmál. Það var ekki fyrr en á landsfundi flokksins árið 1936 sem samþykktar

---

<sup>32</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 126.

<sup>33</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*. Ritnefnd Björg Einarsdóttir, Davíð Ólafsson og Óskar Magnússon. (Reykjavík: Sjálfstæðisflokkurinn, 1989), 75.

<sup>34</sup> Svanur Kristjánsson. „Valdið og borgin“ í *Þjóðlíf* 2.árg 1. tbl. (1986): 28.

<sup>35</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen, ævisaga*, (Reykjavík: JPV Útgáfa, 2010), 459.



voru skipulagsreglur. Stjórn flokksfélagsins í hverju kjördæmi átti að ákvarða framboð flokksins og ef ekki næðist samkomulag um frambjóðendur átti prófkosning að fara fram. Kjósendur flokksins áttu rétt á þátttöku. Framboðslistarnir voru þó lagaðir til eftir kosningar með því að breyta röðun fulltrúa lítillaga ef þess þurfti. Fulltrúastofnun eða kjósendur flokksins sáu um framboðsmálin. Á landsfundinum 1961 urðu breytingar á skipulagi flokksins en þá voru formaður og varaformaður í fyrsta sinn kosnir beinni kosningu.<sup>36</sup> Prófkjör voru fátíð allt frá stofnun Sjálfstæðisflokksins til kosninganna 1971.<sup>37</sup>

Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður með það markmiði að vinna að sjálfstæði landsins og að innanlandsmál yrðu unnin af víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu sem grundvallast af einstaklings- og atvinnufrelsi með hagsmuni allra stétta í fyrirrúmi. Sjálfstæðisstefnan hefur fylgt floknum frá upphafi. Hún er ekki flókin heldur er hún leiðbeinandi og á að taka mið af henni ef fólk vill tryggja frelsi og framþróun í þjóðfélaginu. Á landsfundi flokksins sitja landsfundarfulltrúar sem valdir eru af aðildarfélögum flokksins um land allt. Allir landsfundarfulltrúar hafa atkvæðisrétt á fundinum varðandi stefnumótun flokksins og geta einnig tekið þátt í kosningu um embætti flokksins.<sup>38</sup>

Fram til ársins 1970 voru þrír formenn í Sjálfstæðisflokknum, Jón Þorláksson, Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson. Þegar Jón dró sig í hlé tók Ólafur við.<sup>39</sup> Ólafur veikist og var Bjarni Benediktsson þá kosinn formaður. Einhverjar vangaveltur voru hjá dagblöðum hinna flokkana um það hvort Gunnar Thoroddsen myndi fara fram á móti Bjarna en það datt Gunnari ekki í hug.<sup>40</sup> Bjarni Benediktsson var fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins sem var kosinn í almennum kosningum á landsfundi eins og áður sagði.<sup>41</sup>

---

<sup>36</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 119.

<sup>37</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 34.

<sup>38</sup> Sjálfstæðisflokkurinn XD.is „Sjálfstæðisflokkurinn“ Um Sjálfstæðisflokkinn sótt 20. september 2013 af <http://www.xd.is/um-sjalfstaedisflokkinn/>

<sup>39</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 73.

<sup>40</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 277.

<sup>41</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, 75.

Bjarni eins svo margir aðrir áhrifamenn í Sjálfstæðisflokknum byrjaði í borgarmálunum og fór síðan í landsmálin. Gunnar Thoroddsen bauð sig fram gegn Kristjáni Eldjárn í forsetakosningunum 1968 og olli framboð Gunnars miklu umróti innan Sjálfstæðisflokksins. Margir sjálfstæðismenn studdu Kristján og tapaði Gunnar með miklum mun. Þetta varð til þess að aukaping var haldið hjá Sambandi ungra sjálfstæðismanna þar sem lögð var áhersla á fyrirkomulag framboðsmála, að flokkurinn ætti að taka upp prófkjör við val á frambjóðendum og einnig voru tillögur um skipulag og starfshætti flokksins samþykkt sem urðu til þess að minnka áhrif þingflokksins. Þessi tillaga var samþykkt á landsfundi Sjálfstæðisflokksins árið 1969.<sup>42</sup>

Þó svo að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið með prófkjör fyrir bæjar- og síðar borgarstjórnarkosningar í Reykjavík var uppröðun oftast breytt af kjörnefnd.<sup>43</sup>

Með þessari tillögu urðu miklar breytingar í framboðsmálum hjá flokknum og urðu prófkjör tíð. Forystumenn flokksins fengu á stundum lélega kosningu úr prófkjörum sem gat leitt til þess að þeir kæmust ekki á þing. Helstu rökin fyrir prófkjöri voru að efla lýðræðislega ímynd flokksins og draga þannig úr því flokksræði sem einkenndi fjórflokkanna. Eins vildi flokkurinn efla áhrif hins almenna kjósenda og sýna jafnframt fram á að hann treysti almenningi til þess að velja frambjóðendur sína.<sup>44</sup>

Þegar talað er um prófkjör þá eru þau mismunandi. Aðferðirnar eru ekki alltaf þær sömu á milli prókjara. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík hefur notaðist við hinar ýmsu aðferðir og verða nokkur dæmi tekin hér á eftir.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar 1971 var opið en tvíþætt. Fyrst var forkosning fulltrúaráðs sjálfstæðisfélagana og svo var opið prófkjör fyrir almenning. Þeir tólf efstu í forkosningunni gátu tekið þátt í prófkjörinu. Talningaaðferðin sem notuð var í prófkjörinu var svonefnd vinsældarkosning en þar merkja kjósendur við tiltekinn fjölda frambjóðenda en raða þeim ekki í sætisröð. Heildarfjöldi atkvæða á hvern frambjóðenda réð svo úrslitum.<sup>45</sup>

---

<sup>42</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála. Fjórflokkarnir 1959-1991*, 120-121.

<sup>43</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 343.

<sup>44</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórn mála. Fjórflokkarnir 1959-1991*, 36-37.

<sup>45</sup> Ólafur Ragnarsson, *Gunnar Thoroddsen*, (Reykjavík: Vaka-bókaútgáfa, 1981), 159.

Sama aðferð var notuð í prófkjörskosningunum árið 1977 en þar lenti formaður flokksins Geir Hallgrímsson í öðru sæti en Albert Guðmundsson í fyrsta sæti. Aðeins var kosið um átta frambjóðendur. Þykir líklegt að þessi prófkjörsaðferð hafi ráðið miklu um að formaðurinn náði ekki fyrsta sæti. Ef raðað hefði verið í sæti er mun líklegra að formaðurinn hafi unnið.<sup>46</sup>

Fyrir kosningarnar 1979 fékk Geir Hallgrímsson formaður flokksins því framgegnnt að breyta aðferðinni lítillega og raða frambjóðendum í númera röð eftir því í hvaða sætaröð kjóсандinn vildi hafa frambjóðendurna. Frambjóðendur sóttust eftir ákveðnu sæti á listanum. Þau atkvæði sem honum voru greidd í það sæti eða ofar nýttust honum en þau atkvæði sem hann fékk fyrir sæti neðar voru ekki tekin með. Ef frambjóðandi ofmat fylgi sitt átti hann á hættu að detta niður listann.<sup>47</sup>

Fjórum árum seinna var haldið hálf opið prófkjör. Allir flokksmenn gátu boðið sig fram og einnig þeir sem skráðu sig í flokkinn í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir prófkjörið. Notaðir voru krossar í staðinn fyrir að nota númer.<sup>48</sup>

Albert Guðmundsson var sá stjórnmálamaður sem einna best gekk í prófkjörum flokksins. Hann átti stóran stuðningsmannahóp, ekki bara innan flokksins heldur líka utan hans. Opin prófkjör voru því hans styrkur. Hann stundaði mikla fyrirgreiðslupólítík þegar hann var borgarfulltrúi í Reykjavík og voru margir sem endurguldu honum greiðann með því að taka þátt í prófkjörum flokksins og merkja við hann.

## 1.5 Fyrirgreiðslan

Sjálfstæðisflokkurinn hefur allt frá stofnun hans árið 1929, verið valdamikill í Reykjavík. Hann breytti stefnu sinni strax á fjórða áratug 20. aldar svo hann myndi fá betri hljómgrunn meðal verkafólks. Flokkurinn varð áhrifa mikill innan verkalýðsfélaga.<sup>49</sup> Flokkurinn var samfellt við völd í Reykjavík frá stofnun og til ársins

---

<sup>46</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 436.

<sup>47</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 459.

<sup>48</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 535.

<sup>49</sup> Svanur Kristjánsson. „Valdið og borgin“, 22.

1994 fyrir utan eitt kjörtímabil, 1978-1982.<sup>50</sup> Starf Sjálfstæðisflokksins var mjög öflugt í borginni eftir svo langa valdasetu og stofnuð voru fjölmörg hverfasamtök undir merkjum flokksins. Með hverfasamtökunum var kominn öflugur tengiliður á milli íbúanna og borgaryfirvalda og með tímanum varð hann nauðsynlegur fyrir fólk sem vildi koma skoðunum eða skilaboðum til borgaryfirvalda.<sup>51</sup> Varð þetta til þess að fólk leitaði til borgaryfirvalda með fyrirgreiðslu. Þær voru af ýmsum toga, allt frá því að vanta lóð, húsnæði eða bara pening. Fyrirgreiðslukerfið varð til þess að mikil tengsl mynduðust á milli forystumanna Sjálfstæðisflokksins og borgarbúa.<sup>52</sup>

Borgarstjóri sem rekur fyrirgreiðslupólitík er valdamikill og getur látið hlutina gerast. Persónuleg tengsl myndast á milli hans og borgaranna. Hann axlar um leið pólitíska ábyrgð með því að láta fólk vita að hann láti verkin tala og er ábyrgur. Ef óánægja er með verk borgarstjóra þá kys fólk hann ekki aftur. Eins og gefur að skilja þá er ekki hægt að gera allt fyrir borgarbúa, ef fólk fær neitun frá borgarstjóra er útskýrt hvers vegna. Fyrirgreiðslukerfið var mjög umfangsmikið í tíð Sjálfstæðisflokksins og mun útbreiddara hér á landi en í nágrennalöndunum. Þar er fyrirgreiðslukerfið til staðar en er að mestu haldið bak við tjöldin. Fyrirgreiðslupólitík ber vott um spillingu, þess vegna er hún ekki hátt skrifuð í opinberri umræðu um íslensk stjórnsmál.<sup>53</sup>

Ein helsta gagnrýni á fyrirgreiðslupólitík er að hún færir stjórnsmál frá hinum opinbera vettvangi yfir til einkavettvangsins. Með því eru stjórnsmál gerð að einkamálum tveggja eða þriggja einstaklinga. Fyrirgreiðslupólitík leiðir til ójöfnunar. Sumir fá óskir sínar uppfylltar aðrir ekki. Ekki er hægt að tala um að þess konar pólitík sé lýðræðisleg. Þeir sem njóta fyrirgreiðslunnar geta orðið háðir henni og af því hefur flokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn notið góðs og samfells fylgis í Reykjavík. Sá hópur fólks sem naut góðs af fyrirgreiðslu flokksins kaus hann aftur og eftir áratuga valdasetu í Reykjavík hefur þetta verið stór hópur. Þeir sem fá endalaus greiða og fyrirgreiðslur kjósa ekkert annað því þeir vilja halda þessum fríðindum.<sup>54</sup>

---

<sup>50</sup> Sjálfstæðisflokkurinn XD.is „Saga flokksins“ Um flokkinn sótt 20. september 2013 af <http://www.xd.is/um-flokkinn/saga-flokksins/>

<sup>51</sup> Svanur Kristjánsson, „Valdið og borgin“ 28.

<sup>52</sup> Svanur Kristjánsson, „Valdið og borgin“ 26.

<sup>53</sup> Svanur Kristjánsson, „Valdið og borgin“ 28.

<sup>54</sup> Svanur Kristjánsson, „Valdið og borgin“ 26.

Borgarstjórinn á að vera bera ábyrgð á ákvörðunum sem hann tekur. Borgarstjóri fær fjöldan allan af fólki til sín á einu kjörtímabili sem ræðir einkamál sín við hann og auðvitað á almenningur engan rétt á að vita hvað fer þar á milli. En frambjóðandi sem kosinn er í lýðræðislegri kosningu á að þjóna öllum íbúum Reykjavíkur en ekki bara nokkrum.<sup>55</sup> Hugmyndafræði flokkanna byggist ekki á úthlutun fyrirgreiðslugæða en fyrirgreiðslustjórnmál gegna samt sem áður miklu hlutverki í sveitarfélögum.<sup>56</sup>

## 2 Valdabaráttan í Sjálfstæðisflokknum 1970-1987

Sjálfstæðisflokkurinn einkenndist af valdabaráttu í nærri tvo áratugi. Flokkurinn skiptist framan af í tvær fylkingar, annarsvegar „Gunnarsmenn“ fylgismenn Gunnars Thoroddsens fyrrum borgarstjóra Reykjavíkur, alþingismanns og ráðherra og hins vegar „Geirsmenn“ fylgjendur Geirs Hallgrímssonar sem varð ungur borgarstjóri Reykjavíkur og ætlaði að hasla sér völl í landsmálunum.<sup>57</sup> Jafnaldri Geirs, Albert Guðmundsson átti síðar eftir að velgja honum og Gunnari undir uggum, sérstaklega Geir. En þeir tókust á í prófkjörum sem flokkurinn hélt í Reykjavík.<sup>58</sup>

Sjálfstæðisflokkurinn gekk í gegnum miklar breytingar árið 1970. Formaður flokksins Bjarni Benediksson forsætisráðherra fórst ásamt eiginkonu sinni og barnabarni þegar ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann til grunna.<sup>59</sup> Jóhann Hafstein tók við formennsku flokksins í kjölfarið og var honum jafnframt falið að gegna embætti forsætisráðherra fram til næstu alþingiskosninga.<sup>60</sup>

Prófkjör voru haldin í aðdraganda alþingiskosningana strax haustið eftir. Helstu forystumenn flokksins tóku þátt í prófkjörinu í Reykjavík. Jóhann Hafstein, formaður

---

<sup>55</sup> Svanur Kristjánsson, „Valdið og borgin“, 28.

<sup>56</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, „Fjölmennustu flokkar heims: meðlimaskipulag Íslenskra stjórnmálaflokka“, 140.

<sup>57</sup> Anders Hansen og Hreinn Loftsson. *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*, (Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örygur Hf., 1980), 119-120.

<sup>58</sup> *Dagblaðið Vísir*, „Úrslit í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík: Geir Hallgrímsson lenti í sjöunda sæti“ 30. nóvember 1982.

<sup>59</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 347.

<sup>60</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, 94.

flokksins og Geir Hallgrímsson, borgarstjóri voru sterkir innan flokksins og þóttu líklegir til afreka.

Gunnar Thoroddsen snéri aftur í íslensk stjórnsmál eftir nokkra fjarveru. Flokksmenn voru hvattir til að kjósa Jóhann og Geir en ekki Gunnar. Hann var talinn friðarspillir sem myndi valda óeiningu og átökum innan flokksins ef hann kæmist til áhrifa á ný.<sup>61</sup> Ekki voru allir sáttir við þennan áróður og vakti hann mikla undrun.

Gunnar Thoroddsen náði glæsilegri kosningu í prófkjörinu og hafnaði í þriðja sæti listans en Geir sigraði og Jóhann varð annar, sem var mikið áfall fyrir sitjandi formann. Röðinni var þó breytt þegar framboðslistinn var ákveðinn, Geir vék úr fyrsta sætinu fyrir Jóhanni og tók annað sæti listans.<sup>62</sup>

Sjálfstæðisflokkurinn hélt meirihluta sínum í borgarstjórn Reykjavíkur. Það var talinn varnarsigur. Í alþingiskosningunum ári seinna töpuðu þeir fylgi og einum þingmanni. Eftir kosningarnar settist flokkurinn í stjórnarandstöðu, í fyrsta skipti í þrettán ár.<sup>63</sup>

Árið 1971 urðu tíðindi á nítjándra landsfundi flokksins þegar kjósa átti varaformann í stað Jóhanns Hafsteins sem hélt formannssæti sínu. Óeining gerði vart við sig og skiptust landsfundarfulltrúar í tvær fylkingar. Önnur fylkingin stóð á bak við Gunnar Thoroddsen gamalreyndan stjórnsmálamann en hin fylkingin studdi Geir Hallgrímsson borgarstjóra í Reykjavík. Á meðal stuðningsmanna Geirs var Jóhann formaður flokksins. Borgarstjórinn sigraði með litlum mun. En þess sáust merki að flokkurinn væri klofinn í tvær fylkingar.<sup>64</sup>

Stuðningsblöð Sjálfstæðisflokksins viðurkenndu ekki að vandræði eða ágreiningur væri innan flokksins heldur lögðu þau áherslu á að eining hefði ríkt á landsfundinum.

Gunnar var allt annað en sáttur við úrslitin og þrátt fyrir bros hans þá vissi hann að hann gæti ekki stutt Geir eða sýnt samstöðu með forystunni. Þessi orrusta var töpuð en stríðiðinu var hvergi nærri lokið.<sup>65</sup>

---

<sup>61</sup> Anders Hansen og Hreinn Loftsson. *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*, 108.

<sup>62</sup> Anders Hansen og Hreinn Loftsson. *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*.107.

<sup>63</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, 99.

<sup>64</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, 98.

<sup>65</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 368.

Átök innan flokksins voru tíð næstu árin og ákvað Jóhann að gefa kost á sér til áframhaldandi formannssetu. Geir hafði verið orðaður við formannsembættið en hætti við. Þótti ólíklegt að Gunnar myndi bjóða sig fram gegn formanninum, hins vegar var talið víst að Gunnar myndi bjóða sig fram gegn Geir. Gunnari var boðið sæti þingflokksformanns með því skilyrði að hann myndi ekki bjóða sig fram til formanns á landsfundinum 1973. Gunnar var kjörinn án atkvæðagreiðslu en margir þingmenn voru óánægðir með þetta kjör, einnig stuðningsmenn Gunnars, því þeim fannst hann hafa samið af sér. Báðar fylkingarnar voru ósáttar en menn héldu að stóratökum hefði verið afstýrt með þessu.<sup>66</sup>

Skömmu fyrir landsfundinn veiktist Jóhann Hafsteinn skyndilega og sagði af sér, því hann treysti sér ekki til þess að gegna starfi formanns flokksins lengur. Geir Hallgrímsson sem þá var varaformaður og borgarstjóri tók við formennskunni en Magnús Jónsson samþykkti að taka að sér varaformennsku fyrir Geir. Magnús veiktist alvarlega og hætti afskiptum af stjórnmálum en Gunnar Thoroddsen var kjörinn varaformaður á flokksráðsþingi haustið 1974.<sup>67</sup>

Það dró til tíðinda í íslenskum stjórnmálum vorið 1974, þing var rofið og boðað til alþingiskosninga. Sjálfstæðisflokkurinn var búinn að sitja í stjórnarandstöðu í þrjú ár og þurftu að gera sig kláran fyrir kosningar. Fulltrúaráð sjálfstæðisfélagana í Reykjavík ákvað að uppstillingarnefnd skyldi setja saman framboðslista því ekki þótti tími til að halda prófkjör.<sup>68</sup> Niðurstaða alþingiskosningana var einn mesti kosningasigur Sjálfstæðisflokksins í fjórtíu ár. Eftir kosningar þótti ljóst að Geir yrði forsætisráðherra en það myndi eyðileggja möguleika Gunnars að ná kjöri sem formaður flokksins. Gunnar var ekki bjartsýnn á að Geir næði að mynda ríkisstjórn og átti hann sjálfur fundi með þingmönnum annarra flokka á meðan á stjórnarmyndunarviðræðunum stóð. Geir tókst að mynda ríkisstjórn og varð forsætisráðherra í stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.<sup>69</sup>

---

<sup>66</sup> Anders Hansen og Hreinn Loftsson. *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*.117,119-120.

<sup>67</sup> Anders Hansen og Hreinn Loftsson. *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*, 141.

<sup>68</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 398-399.

<sup>69</sup> Anders Hansen og Hreinn Loftsson. *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*, 142-145.

Það má segja að árið 1974 hafi verið einstaklega farsælt hjá Sjálfstæðisflokknum. Þeir fengu meirihluta atkvæða og níu menn kjörna í borgarstjórnarkosningunum. Stórsigur flokksins í alþingiskosningunum skilaði þeim 25 þingsætum, og borgarfulltrúinn Albert Guðmundsson kom nýr inn á þing.<sup>70</sup>

Eftir tæp fjögur ár við völd var komið að prófkjöri fyrir alþingiskosningarnar 1978. Þar voru þeir félagar Gunnar og Geir fremstir í flokki eða það héldu þeir. Aðferð prófkjörsins var svokölluð vinsældarkosning en merkt var með krossi við átta frambjóðendur og sá sem fékk flesta krossa sigraði. Albert Guðmundsson sem hafði komið nýr inn á þing fjórum árum fyrr vann stórsigur í prófkjöri flokksins í Reykjavík. Geir formaður flokksins þurfti að láta sér annað sætið nægja en Gunnar lenti í fimmta sæti.<sup>71</sup>

Kosningarnarúrlitin 1978 voru mikið áfall fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann missti meirihlutann í borginni og tapaði miklu fylgi í alþingiskosningunum og fimm þingsætum. Eins og gefur að skilja var mikil óánægja innan flokksins með úrlitin. Spjótum var beint að Geir og Gunnari þó aðallega Geir. Framganga Geirs sem forsætisráðherra var gagnrýnd af hópi sjálfstæðismanna sem kallaðist „Loftleiðahópurinn“. Þetta var hópur manna sem vandi komur sínar á Hótel Loftleiðir snemma á morgnanna. Í hópnum voru m.a. Friðrik Sophusson, Davíð Oddsson, Ellert B. Schram, Þorsteinn Pálsson, Birgir Ísleifur Gunnarsson og Kjartan Gunnarsson. Þeim fannst Geir ekki hafa sýnt nógu afdráttarlausu forystu í ríkisstjórninni, einangrað sig og ekki náð að skapa sér traust meðal annarra forystumanna flokksins. Geir tók gagnrýninni að hluta og vísaði öðru á bug en sagðist í kjölfarið ætla að laga verklag sitt og skipulag.<sup>72</sup>

Eftir kosningarnar dróst að kjósa þingflokksformann en Gunnar hafði gegnt því starfi í fimm ár. Geirsmenn vildu Gunnar burt. Þeir allra hörðustu funduðu um sumarið og haustið um hvernig hægt væri að koma í veg fyrir endurkjör Gunnars. Geir tók þá til sinna ráða og vildi ekki að það yrði hróflað við Gunnari nauðugum. Hann vildi að

---

<sup>70</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, 106.

<sup>71</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 436.

<sup>72</sup> Anders Hansen og Hreinn Loftsson. *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*, 155-156.



Gunnari yrði gefinn kostur á að hætta stjórn málaafskiptum með sæmd eftir áratuga langt starf í flokknum.<sup>73</sup>

Þing var rofið árið 1979 og boðað til kosninga. Sjálfstæðisflokkurinn hafði prófkjör í Reykjavík. Breytingar voru gerðar á aðferð prófkjörsins, í stað vinsældakosningar var raðað í sæti. Geir endurheimti fyrsta sætið en Gunnar náði fjórða sætinu og var sáttur við það. Hann gat þakkað Geir niðurstöðuna því án breytinganna sem gerðar voru á aðferð prófkjörsins hefði hann endað í níunda sæti og misst þingsæti sitt. Úrslit kosningana voru ekkert til þess að hrópa húrra fyrir en Sjálfstæðisflokkurinn bætti við sig tveimur þingmönnum á landsvísu. Forystan var enn klofin. Annars vegar þeir sem fylgdu formanninum Geir Hallgrímssyni að málum og hins vegar þeir sem fylgdu varaformanninum Gunnari Thoroddsen.<sup>74</sup>

Stjórnarmyndunarviðræður gengu illa og töfðust því þing var kallað saman viku eftir kosningar til að afgreiða fjárlög.<sup>75</sup>

Gunnar var mjög óáttur við flokksforystuna og taldi að búið væri að sniðganga hann árum saman við val í áhrifastöður. Hann var orðinn aldraður og þolinmæði hans að þrotum kominn. Ef hann ætlaði að ná æðstu stöðu innan flokksins þá væri það núna. Það varð úr að Gunnar ásamt tveimur þingmönnum flokksins myndaði ríkisstjórn með Framsóknarflokki og Alþýðubandalaginu þvert á vilja annarra þingmanna flokksins.<sup>76</sup> Gunnar varð forsætisráðherra en auk hans tóku sjálfstæðismennirnir Friðjón Þórðarson og Pálmi Jónsson sæti í ríkisstjórn. Albert Guðmundsson og Eggert Haukdal lýstu stuðningi við stjórnina.<sup>77</sup>

Sjálfstæðismenn voru æfir og samþykkti þingflokkur hans ályktun um að hann kæmi hvorki til með að styðja ríkisstjórnina né veita henni hlutleysi.<sup>78</sup>

---

<sup>73</sup> Anders Hansen og Hreinn Loftsson. *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*, 154-155.

<sup>74</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 459.

<sup>75</sup> Dagur B. Eggertsson, *Steingrímur Hermannsson, ævisaga II*, (Reykjavík: Vaka Helgafell hf., 1999), 245.

<sup>76</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, 118.

<sup>77</sup> Anders Hansen og Hreinn Loftsson, *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*, 207.

<sup>78</sup> Guðni Th. Jóhannesson, *Gunnar Thoroddsen*, 495.

Sjálfstæðisflokkurinn náði aftur meirihluta í borginni 1982, Davíð Oddsson leiddi listann en lokað prófkjör hafði farið fram í október 1981. Albert Guðmundsson var ekki sáttur við lokað prófjör því hann átti marga fylgismenn utan flokksins.<sup>79</sup>

Úrslit prófkjörs fyrir framboð til alþingiskosningana 1983 voru vægast sagt söguleg en þá var haldið hálf lokað prófkjör. Formaður flokksins, Geir Hallgrímsson féll niður í sjöunda sætið en Albert Guðmundsson náði fyrsta sæti. Niðurstöður prófkjörsins voru túlkaðar sem vantraust á formanninn.<sup>80</sup> Gunnar dró sig í hlé frá stjórnámálum sökum aldurs. Geir datt af þingi skömmu síðar en eftirmaður Geirs á formannsstóli Þorsteinn Pálsson. náði ekki að halda rétt á spöðunum. Fljótlega kom upp ágreiningur sem klauf flokkinn.<sup>81</sup>

Undarleg staða hafði komið upp eftir alþingiskosningarnar því Geir náði ekki kjöri en varð samt sem áður utanríkisráðherra en formaður flokksins Þorsteinn Pálsson sat ekki í ríkisstjórn. Albert Guðmundsson sem var fyrsti maður á lista í Reykjavík varð fjármálaráðherra.<sup>82</sup>

Í sveitarstjórnarkosningum á árið 1986 gekk flokknum vel í Reykjavík. Hann fékk meirihluta atkvæða með Davíð Oddson í broddi fylkingar en Albert gaf ekki kost á sér eftir 16 ára setu í borgarstjórn.<sup>83</sup>

Albert vann enn og aftur stórsigur í prófkjöri Sjálfstæðismanna í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar 1987. Sigurinn var einstaklega sætur og þakkaði Albert dóttur sinni Helenu sigurinn en hún þótti sýna þrekvirki í prófkjörsbaráttunni.<sup>84</sup>

Sigurinn var ekki bara sætur vegna þess að hann var stór heldur líka vegna þeirra atburða sem Helgarpósturinn vakti athygli á 1985. Hér er átt við Hafskipsmálið sem Albert var viðriðinn. Hann var ekki einungis stjórnarformaður Hafskips hf. heldur var

---

<sup>79</sup> Gunnar Gunnarsson. *Albert. Hér segir Albert Guðmundsson frá uppvaxtarárum sínum, ævi og ferli*, (Reykjavík: Setberg, 1982),66-67.

<sup>80</sup> *Dagblaðið Vísir*, „Úrslit í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík: Geir Hallgrímsson lenti í sjöunda sæti“ 30. nóvember 1982.

<sup>81</sup> Styrmir Gunnarsson, *Sjálfstæðisflokkurinn, átök og uppgjör*, (Reykjavík: Veröld, 2012),229.

<sup>82</sup> Jónína Michaelsdóttir, „Geir Hallgrímsson“ Í *Forsætisráðherrar Íslands. Ráðherrar Íslands og forsætisráðherrar í 100 ár, ritstýrt af Ólafi Teiti Guðnasyni*, 351-371 (Forsætisráðuneytið og Bókaútgáfan Hólar 2004), 371.

<sup>83</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í sextú ár*, 132.

<sup>84</sup> *Dagblaðið Vísir*, „Albert hlaut langflest atkvæði í fyrsta sæti“ 20. október 1986.

hann fjármálaráðherra, formaður bankaráðs Útvegsbankans sem tapaði miklum pening á gjaldþroti Hafskips og rak heildsölu á sama tíma.<sup>85</sup>

## 2.1 Hafskipsmálið

„Er Hafskip að sökkva?“ spurði Helgarpósturinn á forsíðunni 6. júní 1985 og þar með var málið komið í hámmæli.<sup>86</sup> Aðrir miðlar tóku það upp og var umræðan óvægin um slæma stöðu Hafskips. Því var haldið fram að ástæðan fyrir slæmri stöðu fyrirtækisins væri stórfellt fjármálamisferli af hálfu stjórnenda. Hafskip var tekið til gjaldþrotaskipta í desember sama ár.<sup>87</sup>

Steingrímur Hermannsson var forsætisráðherra þegar Hafskipsmálið kom upp og bauð hann Alberti að segja af sér ráðherraembætti á meðan á rannsókn málsins stóð sem hæst. Albert sem þá var iðnaðarráðherra tók það ekki í mál og fannst eins og sótt væri að sér úr öllum áttum.<sup>88</sup>

Mál Alberts snérist í stórum dráttum um það að hann hafði þegið boðsferð til Frakklands þegar hann var sextugur. Einnig hefði hann fengið afsátt af flutningi á áfengi sem rann til innflutingsverslunar Alberts. Afslátturinn átti að renna til ÁTVR (Áfengis- og tóbaksverslunar ríkissins) Annað mál komst í hámmæli. Albert hafði spurðist fyrir um hvort ekki væri hægt að safna fé handa Guðmundi J. Guðmundssyni verkalýðsleiðtoga og góðum vini Alberts. Peningana átti að nota til að borga utanlandsferð fyrir Guðmund J. en Alberti fannst vinur sinn þurfa á hressingu að halda. Hafskip og Eimskip gáfu 60.000 kr. hvort um sig en með því skilyrði að Guðmundur J. fengi ekki að vita hvaðan féð væri komið.<sup>89</sup> Upp um þetta komst við gjaldþrotið og fóru ýmsar sögusagnir af stað en Guðmundur J. var þingmaður fyrir Alþýðubandalagið. Kröfur þingmanna um afsögn þeirra beggja urðu háværar.

---

<sup>85</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*, 134.

<sup>86</sup> *Helgarpósturinn*. „Er Hafskip að sökkva?“ 6. júní 1985.

<sup>87</sup> Stefán Gunnar Sveinsson, *Afdrif Hafskips í boði hins opinbera*, (Reykjavík: JPV útgáfa, 2008),9.

<sup>88</sup> Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, ævisaga III, (Reykjavík: Vaka Helgafell hf.,2000),129.

<sup>89</sup> Stefán Gunnar Sveinsson, *Afdrif Hafskips í boði hins opinbera*,131.

Guðmundur J. lét af öllum trúnaðarstörfum á meðan verið var að rannsaka hans hlut í málinu en Albert sat sem fastast.<sup>90</sup>

Þann 19. mars birti Helgarpósturinn upplýsingar um tvennar peningagreiðslur frá Hafskip til Alberts á árunum 1984 og 1985 á meðan hann gegndi embætti fjármálaráðherra. Albert taldi ekki þessar greiðslur fram til skatts. Hann varði sig með því að segja að þetta hafi ekki verið háar upphæðir og að á þessum tíma hafi sonur hans Ingi Björn Albertsson séð alfarið um rekstur fyrirtækisins.<sup>91</sup>

Í framhaldi af þessu setti Þorsteinn Pálsson formaður flokksins pressu á Albert um að segja af sér sem ráðherra. Albert lét undan og sagði af sér 24. mars, fimm dögum eftir að Helgarpósturinn birti fréttina.<sup>92</sup> Hann var fyrstur ráðherra á Íslandi til þess að segja af sér vegna „hneykslismáls“.<sup>93</sup>

Albert vildi samt sem áður halda sæti sínu á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, en hann skipaði fyrsta sætið. Það var samþykkt en daginn eftir segir Þorsteinn að þótt Albert yrði áfram þingmaður þá væri það ekki ávísun á ráðherrasæti. Þorsteini fannst Albert ekki uppfylla siðferðilegan mælikvarða flokksins. Albert átti marga stuðningsmenn sem studdu hann. Fjölmiðlar fjölluðu mikið um mál Alberts og þjóðin fylgdist vel með. Hann fékk samúð þjóðarinnar og mörgum fannst rangt að ráðst á eldri mann vegna skattaframtals.<sup>94</sup> Þó svo að þjóðin sýndi honum samúð þá var málið alvarlegt, þarna hafði stjórnmalamaður brotið af sér. Hver var þessi Albert?

---

<sup>90</sup> Stefán Gunnar Sveinsson, *Afdrif Hafskips í boði hins opinbera*, 132-133.

<sup>91</sup> Stefán Gunnar Sveinsson, *Afdrif Hafskips í boði hins opinbera*, 133-134.

<sup>92</sup> *Dagblaðið Vísir*, Albert kvaddi starfsfólk iðnaðarráðuneytisins í gær: „Stend á krossgötum“ 25. mars 1987.

<sup>93</sup> Stefán Gunnar Sveinsson, *Afdrif Hafskips í boði hins opinbera*, 134.

<sup>94</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*. (Reykjavík: Fróði Hf., 1990), 17.

### 3 Albert Guðmundsson

Albert Sigurður Guðmundsson fæddist í Reykjavík 5. október 1923. Hann ólst upp í Reykjavík. Hann lauk Samvinnuskólaprófi 1944 og stundaði verslunarnám árið 1946 við Skerry's College í Skotlandi. Hann var mikill íþróttamaður og lék knattspyrnu með Val. Albert var fyrsti Íslendingurinn sem gerðist atvinnumaður í knattspyrnu. Hann spilaði knattspyrnu með nokkrum af stærstu félagsliðum heims á Bretlandseyjum, Frakklandi og Ítalíu.<sup>95</sup> Að loknum knattspyrnuferli flutti hann til Íslands og gerðist heildsali. Nokkru seinna fór hann að venja komur sínar niður í Sjálfstæðishús, vinur hans Lúðvíg Hjálmtýsson rak þá húsið.<sup>96</sup>

Albert voru fengin í hin ýmsu verkefni og tengdust þau helst fjáröflun fyrir flokkinn. Hugmyndaflug og dugnaður hans vakti athygli forystumanna og dróst hann alltaf meir og meir inn í heim stjórnmalanna en fjarlægðist íþróttahéiminn. Það varð til þess að hann tók þátt í sínu fyrsta prófkjöri og komst inn í borgarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn árið 1970.<sup>97</sup> Albert sagðist hafa gefið kost á sér í stjórnmalum til þess að þjóna fólkinu.<sup>98</sup> Eitt af hans fyrstu verkum var að leggja áfengissjúkum lið með ýmsum hætti. Einnig lánaði hann hús til tveggja ára til þess að hægt væri að gera tilraun með að koma skóladaðheimili á laggirnar, það var eftir að hann ræddi við formann Félags einstæðra foreldra sem tjáði honum að en þörfin væri brýn. Tókst það verkefni vel og endaði það með því að Albert seldi borginni húsið á hálfvirði til að koma í veg fyrir að heimilið yrði lagt niður.<sup>99</sup>

Hann var oft kallaður flokkssvikari því hann stóð alltaf með þeim málum sem hann taldi að ættu rétt á sér. Hann fylgdi eigin sannfæringu en ekki flokksins og var tilbúinn að taka afleiðingunum.<sup>100</sup> Albert var oft vinsælli meðal almennra kjósenda en sjálfstæðismanna. Hann lenti oft í því að vera í oddastöðu vegna þess að hann vann

---

<sup>95</sup> Alþingi. Albert Guðmundsson (Albert Sigurður) sótt 28. nóvember 2013 af althingi.is <http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=15>

<sup>96</sup> Gunnar Gunnarsson. *Albert*. 130.

<sup>97</sup> Gunnar Gunnarsson. *Albert*. 139-140.

<sup>98</sup> Gunnar Gunnarsson. *Albert*. 143.

<sup>99</sup> Gunnar Gunnarsson. *Albert*. 127.

<sup>100</sup> Gunnar Gunnarsson. *Albert*. 67.

með eigin sannfæringu en einnig voru dæmi þess að vinstri flokkarnir í borgarstjórn næðu málum fram með því að fá Albert til liðs við sig.<sup>101</sup> Albert lét þessi orð falla: „Kannski hefði ég ekki farið á móti mínum flokki ef ég hefði verið meiri pólitíkus en íþróttamaður“.<sup>102</sup>

Ferill Alberts í landsmálum hófst árið 1974 þegar Sjálfstæðisflokkurinn vann stórsigur í alþingiskosningunum. Hann varð einn 25 þingmanna flokksins. Hann var bæði þingmaður og borgarfulltrúi til ársins 1986.<sup>103</sup> Albert var alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá 1974 til ársins 1987. Hann var fjármálaráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins árin 1983-1985 og iðnaðarráðherra frá 1985 til 1987 í sömu ríkisstjórn.<sup>104</sup>

Þegar kom að prófkjörunum þá var Albert á heimavelli. Keppnismaðurinn kom upp í honum og náði hann góðum árangri. Hann var vinsæll og fékk fjöldan allan af fólki með sér í lið. Eftir því sem árunum í stjórnmalunum fjölgaði urðu stuðningsmenn hans fleiri og fleiri. Stuðningsmannahópurinn var tvískiptur, annarsvegar vinir og kunningjar, ættingjar og fólk sem vildi styðja Albert til metorða í Sjálfstæðisflokknum og hins vegar frjálslynda fólkið í Sjálfstæðisflokknum. Þessi stuðningsmannahópur var kallaður Hulduherinn. Helena elsta barn Alberts stjórnaði Hulduhernum.<sup>105</sup> Eins og fram kom var Albert bæði í borgarstjórn Reykjavíkur og á Alþingi svo oft var stutt á milli prófkjara og tók hann þátt í þeim allt til ársins 1986.

Alberti gekk iðulega vel í prófkjörum. Hins vegar vildi hann að allir, ekki bara flokksbundnir sjálfstæðismenn hefðu tækifæri á að taka þátt. Einna best gekk honum þegar prófkjörin voru opin. Hins vegar kom það honum oft skemmtilega á óvart þegar prófkjörin voru lokuð eða hálf lokuð hvað hann hafði þrátt fyrir allt mikinn stuðning meðal flokksmanna.<sup>106</sup>

---

<sup>101</sup> Gunnar Gunnarsson. *Albert*. 173-174.

<sup>102</sup> Gunnar Gunnarsson, *Albert*, 69.

<sup>103</sup> *Morgunblaðið*, „Prófkjör Sjálfstæðisflokksins: Átta efstu fengu bindandi kosningu“ 27. nóvember 1985.

<sup>104</sup> Alþingi. Albert Guðmundsson (Albert Sigurður) sótt 28. nóvember 2013 af Althingi.is <http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=15>

<sup>105</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 11-12.

<sup>106</sup> Gunnar Gunnarsson, *Albert*, 66-67.

Albert vildi ná lengra, hafa meiri áhrif svo hann ákvað að taka stefnuna á Bessastaði enda vissi hann að hann ætti góðan hóp sem studdi sig. Hann hafði ákveðnar skoðanir á forsetaembættinu og fannst að forseti Íslands ætti að vera með meiri völd þó ekki eins mikil og forsetar Bandaríkjana og Frakklands. Hann taldi líka að reynsla úr stjórnámálum væri æskileg.<sup>107</sup>

### 3.1 Albert býður sig fram til forseta. Forsetakosningarnar 1980

Albert Guðmundsson bauð sig fram til forseta Íslands árið 1980. Það sem þótti undarlegt við framboð hans var að ekki lá fyrir hvort dr. Kristján Eldjárn hugðist sitja eitt kjörtímabil í viðbót eftir tólf ára setu á Bessastöðum.<sup>108</sup> Hugmyndin að framboðinu kom alfarið frá Alberti sjálfum en hann var þeirra skoðunar að kjósa ætti til forseta á fjögurra ára fresti.<sup>109</sup>

Rithöfundurinn Indriði G. Þorsteinsson var kosningastjóri Alberts og lagði hann áherslu á að Albert væri ekki háskólamenntaður eins og mótframbjóðendur hans. Einnig benti hann á mikilvægi þess að stjórnmalamaður gegndi svo pólitísku embætti.<sup>110</sup> Mótframbjóðendur Alberts voru Guðlaugur Þorvaldsson, ríkissáttasemjari, Pétur J. Thorsteinsson sendiherra og Vigdís Finnbogadóttir leikhússtjóri sem sigraði með 33,79% atkvæða. Guðlaugur fékk næst flest eða 32,31%, Albert fékk 19,89% og Pétur rak lestina með 14,06%.<sup>111</sup>

Stuðningsmenn Alberts fyrir forsetakosningarnar voru úr hinum ýmsum áttum. Allt frá því að vera íhaldsmenn eins og kosningastjórinn Indriði til hörðustu vinstri manna. Verkalýðsforingjarnir Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og Guðmundur J. Guðmundsson studdu hann þó svo þau væru ekki sammála stjórnmalaskoðunum hans. Aðalheiður skrifaði grein í Morgunblaðið 21. júní 1980 og útskýrir hún af hverju hún studdi Albert í framboðinu.

---

<sup>107</sup> Gunnar Gunnarsson, *Albert*, 171.

<sup>108</sup> Gunnar Gunnarsson. *Albert*, 170.

<sup>109</sup> Gunnar Gunnarsson. *Albert*, 173.

<sup>110</sup> Gunnar Gunnarsson, *Albert*, 176.

<sup>111</sup> Kosningasaga, „Forsetakosningar 1980“ sótt 27. nóvember 2013 af <http://kosningasaga.wordpress.com/forsetakosningar/forsetakosningar-1980/>

Albert Guðmundsson þekki ég á hinn bóginn að því að berjast fyrir bágstadda. Hann er sjálfstæður í skoðunum og hefur stórt hjarta.

Lífsskoðanir mínar eru að vísu þannig, að ég vil haldur sjá framfarir en líknarstarfsemi, en meðan svona seint miðar hlýt ég að styðja þá er mig og mína styðja. Albert er úr röðum hinna fátæku, og hann hefur ekki gleymt uppruna sínum, og það hef ég sem betur fer ekki gert heldur.<sup>112</sup>

Hulduherinn sem dóttir hans hafði stjórnað í prófkjörskosningunum elfdist í forsetakosningunum. Albert sem áður sótti fylgi sitt í Reykjavík þurfti að vinna fylgi meðal allra landsmanna. Stuðningsmenn hans fóru um land allt til þess að kynna sig, tala við fólk og heimsækja vinnustaði. Forsetaframboðið var gagnleg reynsla fyrir Albert og fannst honum ómetanlegt að fara þessa hringferð. Kynnast fólkinu og geta gert sér betur grein fyrir velmegun einstakra byggðarlaga.<sup>113</sup>

Forsetakosningarnar voru nokkuð sérstakar. Minna en 1 % atkvæða munaði á Vigdísi og Guðlaugi. Albert fékk mjög góða kosningu eða tæp 20 % atkvæða og gat hann með þessu fylgi séð hversu persónlegt fylgi sitt var hátt. Hann mátti vel við una þó hann vonaðist kannski eftir sigri.

Það sem Albert vissi ekki þá var að framboð hans til forseta Íslands átti eftir að hjálpa honum þegar hann klauf sig úr Sjálfstæðisflokknum og stofnaði Borgaraflokkinn.

## 4 Borgaraflokkurinn

Ummæli Þorsteins Pálssonar formanns Sjálfstæðisflokksins þess efnis að fyrsta sæti á framboðslista flokksins í Reykjavík væri ekki ávísun á ráðherrastól fóru ekki bara fyrir brjóstið á Alberti heldur á öllum stuðningsmönnum hans þar á meðal Hulduhernum.

Stofnaður var stjórnmalaflokkur sem fékk nafnið Borgaraflokkurinn. Þegar að flokkurinn var stofnaður var Albert í útlöndum og ennþá félagi í Sjálfstæðisflokknum. Helena foringi Hulduhersins bjó í Bandaríkjunum og var hún kölluð til landsins.

---

<sup>112</sup> Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, „Ég hef ekki gleymt uppruna mínum“ *Morgunblaðið* 21. Júní 1980.

<sup>113</sup> Gunnar Gunnarsson, *Albert*, 187.



Mánuður var til kosninga en 19. mars voru stuðningsmennirnir byrjaðir að undirbúa framboð og biðu í ofvæni eftir Helenu.<sup>114</sup> Þau ætluðu að vera stórtæk og skoðuðu þann möguleika að vera með framboð bæði í Reykjavík og Reykjanesi en vegna þess að nýtt kosningakerfi var samþykkt fyrir kosningarnar var tekin sú ákvörðun að reyna að bjóða fram í öllum kjördæmum. Kosningakerfið átti að jafna atkvæðavægi milli flokka án þess að hafa áhrif á misræmi atkvæða milli kjördæma. Þetta var hlutfallskosning og kjördæmin voru átta talsins, 50 þingmenn og þrettán uppbótarþingmenn. Kerfið var flókið og var fámennur hópur sérfræðinga sem skyldi það til hlýtar.<sup>115</sup> Með því að bjóða fram í öllum kjördæmum var möguleiki á að fá uppbótarþingmenn.

Hulduherinn var strax kominn á fullt skrið og var boðaður fundur á sunnudeginum sem var vel sóttur. Fréttamenn laumuðu sér inn og töldu þeir að hátt í 1000 manns hefðu verið á fundinum. Reyndin var sú að það voru í mesta lagi 500-600 manns, en þetta leit vel út fyrir hið nýja framboð.<sup>116</sup>

Vikunni á eftir sagði Albert Guðmundsson af sér sem iðnaðarráðherra og tveimur dögum seinna fékk formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélagana í Reykjavík bréf frá honum þar sem hann bað um að nafn sitt verði dregið til baka af framboðslistanum í Reykjavík.<sup>117</sup>

Tíminn var naumur, rúmur mánuður í kosningar. Það þurfti því hafa hraðar hendur til að gera allt klárt. Finna þurfti listabókstaf fyrir Borgaraflokkinn og varð bókstafurinn S fyrir valdinu. Alberti leist vel á bókstafinn S enda hafði gamli Sjálfstæðisflokkurinn boðið sig fram undir formerkjum hans.<sup>118</sup> Húsnæði fyrir kosningaskrifstofuna var fundið og var þar mikið starf unnið á mjög skömmum tíma.

Unnið var dag og nótt við að koma saman framboðslistum á landvísu. Þó svo að fólk væri tilbúið að vinna fyrir flokkinn þá voru ekki margir sem vildu taka sæti á lista nema þá neðarlega. Því tók tíma að stilla upp á framboðslistana en vegna tímaleysis var

---

<sup>114</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 27.

<sup>115</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, *Íslenska stjórnkerfið*, 77.

<sup>116</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 21.

<sup>117</sup> *Morgunblaðið*, „Albert yfirgefur D-listann – framboð Borgaraflokks”, 27. mars 1987.

<sup>118</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 25.

raðað í sæti af forystumönnum Hulduhersins. Þurfti oft á tíðum að ganga svolítið á eftir fólki. Á framboðslistunum var m.a. fólk sem hafði aldrei verið á lista áður fyrir neinn flokk en gerði þetta fyrir Albert.

Albert leiddi listann í Reykjavík og sá um að raða á hann. Hann valdi Baldvin Hafsteinsson lögfræðing í annað sætið, Baldvin átt ekki von því. Þegar hann samþykkti að taka sæti á listanum bjóst hann við að verða neðarlega. Gengið var á eftir Alberti að færa Baldvin neðar á listann og gerði hann það fyrir rest en treglega. Niðurstaðan varð sú að Guðmundur Ágústsson tók annað sætið og í þriðja sæti var verkalýðskonan Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Margir einkum stuðningsmenn Alþýðuflokksins voru hræddir um að hún myndi taka fylgi frá honum. Aðalheiður hafði stutt Albert í forsetakosningunum árið 1980.<sup>119</sup> Þeir sem tóku sæti á lista flokksins í Reykjavík komu víða að og má þar nefna Svein Björnsson þáverandi forseta ÍSÍ, heildsalar og kaupmenn sem voru miklir vinir Alberts og nokkrir sjálfstæðismenn þar á meðal Anton Angantýsson sem var formaður eins af hverfafélögum Sjálfstæðisflokksins í borginni.<sup>120</sup>

Vel gekk að manna listann á Reykjanesi en Júlíus Sólnes tók fyrsta sætið og Hreggviður Jónsson annað.

Á Norðurlandi Eystra gekk það hins vegar brösuglega að koma saman lista vegna þess að margir vinir Alberts ætluðu að styðja framboð Stefáns Valgeirssonar en það náðist þó í tíma að koma saman lista.<sup>121</sup>

Vel gekk að manna framboðslistann í Norðurlandi Vestra. Sagði Séra Róbert Jack sem tók fjórða sætið á listanum, í sjálfsævisögu sinni segir hann að hann hafi aldrei ætlað að koma nálægt pólitík. Séra Róbert var knattspyrnuþjálfari og hafði þjálfað Albert hjá Val á hans yngri árum og tókst á mikill vinskapur þeirra á milli. Hann tók ekki bara sæti vegna vináttu þeirra heldur einnig vegna þess að honum fannst Albert hefði orðið fyrir óréttlæti.<sup>122</sup>

---

<sup>119</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 41.

<sup>120</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 39.

<sup>121</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 43-44.

<sup>122</sup> Róbert Jack, *Séra Róbert Jack: Sjálfsævisaga- annað bindi. Knattspyrnuþjálfarinn, sem gerðist sveitaprestur á Íslandi*. (Reykjavík: Hilmir 1988), 175-176.

Sonur Alberts, Ingi Björn leiddi listann á Vesturlandi, á Suðurlandi vildu þeir vanda valið því Þorsteinn Pálsson formaður Sjálfstæðisflokksins var fyrsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu. Fyrir valinu varð Óli Þ. Guðbjartsson skólastjóri, en Helena dóttir Alberts var tilbúin að setjast í það sæti ef ekki fyndist góður kandídat.<sup>123</sup>

Þá var komið að tveimur síðustu kjördæmunum og þeim erfiðustu yfirferðar vegna stærðar. Ekki má gleyma því að á þessum tíma var internetið ekki komið svo aðal fjarskiptabúnaðurinn sem var notaður var síminn og faxtæki þegar koma þurfti gögnum hratt og örugglega á milli landshluta.

Reyndist erfitt að safna undirskriftunum en þá kom faxtækið að góðum notum en það var auðvitað ekki á öllum stöðum.

Ingvar Nielsson verkfræðingur leiddi listann á Austurlandi<sup>124</sup> og Vestfirðir ráku síðan lestina. Viðbrögð voru ekki mikil þegar leitast var eftir því að fá fólk á listann. Það endaði með því að Kópavogsbúinn, Guðmundur Ingvason verktaki sem átti rætur að rekja vestur tók fyrsta sætið að sér en hann hringdi á kosningaskrifstofuna eftir að hafa horft á kvöldfréttir þar sem fjallað var um erfiðleika flokksins að raða á lista og bauðst hann til að leiða listann á Vestfjörðum.<sup>125</sup>

Bakslag kom þegar yfirkjörstjórn Vestfjarðarkjördæmis ógilti listann vegna þess að ekki höfðu borist nógu mörg nöfn áður en frestur rann út en Landskjörstjórn hnekkti þeim úrskurði.<sup>126</sup>

Þegar listarnir voru komnir á hreint var aðal vinnan eftir en það var að búa til stefnu sem myndi höfða til fólks. Frambjóðendur þurftu að sækja hvern fundinn á fætur öðrum, kynna sig og sinn flokk og sumir hverjir voru að stíga sín fyrstu skref í stjórnámálum þeirra á meðal var Séra Róbert Jack. Hann talaði á fundum og var skömmu fyrir kosningar fulltrúi í framboðspætti sem sendur var beint frá Akureyri. Þar talaði hann mest um Albert enda þekktust þeir vel.<sup>127</sup>

---

<sup>123</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 68.

<sup>124</sup> *Dagblaðið Vísir*, „Framboðslistar í öllum kjördæmum?“, 28. mars 1987.

<sup>125</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*. 77.

<sup>126</sup> *Þjóðviljinn*, „Albert gildur fyrir vestan“, 1. apríl 1987.

<sup>127</sup> Róbert Jack, *Séra Róbert Jack: Sjálfsævisaga*, 178.

Stefnuskrá Borgaraflokksins var mótuð og endurspeglaði hún að mestu leiti skoðanir og áherslur Alberts. Borgaraflokkurinn var flokkur sem átti að þjóna öllum landsmönnum. Einstaklingurinn átti að vera í öndvegi og flokkurinn ætlaði að vinna af tillitsemi að mannúðarmálum og virða í senn mannlegar tilfinningar. Borgaraflokkurinn hlúði að þeim sjúku, öldruðu og öllum þeim sem áttu við einhvern vanda að etja. Borgaraflokkurinn var flokkur fólksins.<sup>128</sup>

Mikið var fjallað um Albert og Borgaraflokkinn í dagblöðum. Fylgst var með hverju skrefi og gat það bæði haft góð og slæm áhrif á framboðið því mikið var áreiti sem fylgdi fjölmiðlaumfjölluninni. Skoðanakannanir voru tíðar og kom Borgaraflokkurinn vel út í könnunum sem gerðar voru stuttu eftir stofnun hans.

DV birti skoðanakönnun 30. mars, tæpum mánuði fyrir kosningar og var þá Borgaraflokkurinn með 17% atkvæða á landsvísu. Skýringin á því var m.a. talin sú að mikil fjölmiðlaumræða var búin að vera um Albert.<sup>129</sup> Hálfum mánuði seinna var hann kominn niður í 12% á landsvísu<sup>130</sup> og stuttu fyrir kosningar kom könnun og hafði fylgi Borgaraflokksins lítið breyst þá mældist það 12,4 % atkvæða á landsvísu.<sup>131</sup>

#### 4.1 Úrslit kosninga

Þegar búíð var að telja upp úr kjörkössunum kom í ljós versta útkoma Sjálfstæðisflokksins í alþingiskosningum frá stofnun hans. Þetta var mikið áfall fyrir forystu flokksins og þá aðallega formanninn Þorstein Pálsson. Borgaraflokkurinn fékk hins vegar góða kosningu eða framfar vonum, 10,9 % atkvæða á landsvísu. Þessi úrslit voru mjög svipuð því sem flokkurinn fékk í skoðanakönnunum stuttu fyrir kosningar.

---

<sup>128</sup> Stefnuskrá Borgaraflokksins, fyrir alþingiskosningarnar 25. apríl 1987, 2.

<sup>129</sup> *Dagblaðið Vísir*, „Skoðanakönnun DV um fylgi flokkanna: Borgaraflokkurinn með 17% á landsvísu“ 30. mars 1987.

<sup>130</sup> *Dagblaðið Vísir*, „Borgaraflokkurinn fer niður í tólf prósent“ 13. apríl 1987.

<sup>131</sup> *Dagblaðið Vísir*, „Skoðanakönnun DV í gærkvöldi: Borgaraflokkurinn heldur fylgi sínu“ 22. apríl 1987.

Niðurstaðan í Reykjavík var langbest hjá flokknum, þar fékk hann 15% fylgi og þrjá þingmenn enda Albert sem leiddi listann. Á sama tíma missti Sjálfstæðisflokkurinn 13,% fylgi frá kosningunum árið 1983. Sjálfstæðisflokkurinn fékk sex þingmenn í Reykjavík, Alþýðuflokkurinn, Kvinnalistinn og Borgaraflokkurinn þrjá menn, Alþýðubandalagið tvo þingmenn og loks Framsóknarflokkurinn einn þingmann.<sup>132</sup>

Sigur Borgarflokksins var sögulegur að því leyti að þetta var mesti þingstyrkur klofningsframboðs í allri Íslandssögunni.<sup>133</sup> Hann fékk samtals sjö menn kjörna á þing þar af voru fjórir uppbótarpingmenn sem skiluðu sér því flokkurinn bauð fram í öllum kjördæmum. Þetta þótti sæta tíðindum því flokkurinn var aðeins um mánaðargamall þegar kosið var.

Borgaraflokkurinn tók nær eingöngu fylgi af Sjálfstæðisflokknum. Margir höfðu óttast að hann tæki fylgi frá Alþýðuflokknum vegna framboðs Aðalheiðar en sá ótti reyndist ástæðulaus.<sup>134</sup>

Mikil endurnýjun var á Alþingi eftir kosningarnar eða alls 21 nýr þingmaður. Þar á meðal voru sex nýjir þingmenn sem komu úr Borgaraflokknum eða allir nema Albert Guðmundsson.<sup>135</sup> Annað merkilegt gerðist sem hefur áhrif á söguna. Feðgar voru kjörnir á þing á í fyrsta sinn á þessari öld (20. öldinni) Það voru þeir Albert Guðmundsson og Ingi Björn Albertsson báðir fyrir Borgaraflokkinn en það hafði ekki gerst frá því feðgarnir Þórarinn Böðvarsson í Görðum á Álftanesi og Jón Þórarinsson sátu á þingi árið 1869-1895.<sup>136</sup>

Eftir kosningar var strax farið að tala um stjórnarmyndanir. Komin var upp undarleg staða. Sjálfstæðisflokkurinn var ennþá stærsti flokkurinn þrátt fyrir mikið fylgistap, var talið að flokkurinn myndi setjast í stjórn og þá þriggja flokkastjórn. Það var talið útséð um að ekki næðist að mynda tveggja flokka. Óvíst var hvort að þeir myndu vilja mynda ríkisstjórn með Borgaraflokknum, það þótti að minnsta kosti ólíklegt.<sup>137</sup>

---

<sup>132</sup> *Morgunblaðið*, „Úrslit alþingiskosninga 1987“, 28. apríl. 1987.

<sup>133</sup> Dagur B. Eggertsson. *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, 176.

<sup>134</sup> *Morgunblaðið*, „Úrslit alþingiskosninga 1987“, 28. apríl. 1987.

<sup>135</sup> *Morgunblaðið*, „21 nýr þingmaður“, 28. apríl 1987.

<sup>136</sup> *Morgunblaðið*, „Feðgar á þingi í fyrsta sinn á þessari öld“, 28. apr. 1987.

<sup>137</sup> Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, 176-177.

Morgunblaðið fjallaði um hvaða kostir væru í boði. Hann tók dæmi af þrennskonar hugsanlegu stjórnarformi. Kvinnalisti, Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur slík stjórn hefði haft nauman meirihluta eða 34 þingmenn. Rökin fyrir því að þessir flokkar mynduðu stjórn var að Alþýðuflokkurinn styrktist og Kvinnalistinn vann góðan sigur.

Það var líka möguleiki að mynda stjórn Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks, slík stjórn hefði 36 þingmenn á bak við sig.

En að síðustu var sett upp hugmynd um að Alþýðuflokkurinn myndaði stjórn með ríkisstjórnarflokkunum, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki.<sup>138</sup>

Allt voru þetta góðar og gildar hugmyndir hjá Morgunblaðsmönnum en það vakti athygli að hvergi var minnst á Borgaraflokkinn sem líklegan stjórnarflokk.

## 4.2 Hvað gerðist eftir kosningarnar?

Stjórnarmyndunarviðræður hófust milli Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Þær enduðu með því að Þorsteinn Pálsson formaður Sjálfstæðisflokksins fékk forsætisráðherrastólinn. Ríkisstjórnarsamstarfið undir forystu Þorsteins gekk erfiðlega og slitnaði upp úr stjórnarsamstarfinu rúmu ári síðar.<sup>139</sup>

Þá fékk Steingrímur Hermannsson umboðið og myndaði hann stjórn með Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi. Ári seinna eða árið 1989 tók Borgaraflokkurinn sæti í stjórninni. Albert Guðmundsson var þá hættur og orðinn sendiherra í París. Í kjölfarið sögðu Ingi björn Albertsson og Hreggviður Jónsson skilið við þingflokkinn og stofnuðu sinn eigin þingflokk, Frjálslynda hægri menn. Þeir sem eftir voru í Borgaraflokknum vildu ganga til liðs við stjórnina og áttu stjórnarflokkarnir að láta af einu ráðherraembætti hver til Borgaraflokksins.

Alþýðuflokkurinn var þá orðinn áhugalaus yfir þátttöku Borgaraflokksins að stjórninni.<sup>140</sup> Þeir voru ófúsir að láta ráðuneyti af hendi til þeirra. Þeir vildu hvergi hnikra neinu. Nokkrum mánuðum síðar var erfitt að fá alþýðuflokksmenn til þess að samþykkja að Borgaraflokkurinn fengi iðnaðarráðuneytið í staðinn var þeim boðið

---

<sup>138</sup> Morgunblaðið „Erfitt verður að mynd stjórn“ 28. apríl 1987.

<sup>139</sup> Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, 236.

<sup>140</sup> Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, 283.

samgöngu- og dómsmálaráðuneytið. Það var til þess að þingmaður Borgaraflokksins, Júlíus Sólnes móðgaðist og gekk á dyr. Þegar þetta gekk á var fylgi Borgaraflokksins nær ekkert og var þingflokknum í mun að ganga til samstarfs við stjórnina. Búið var til sérstakt ráðuneyti fyrir Júlíus Sólnes, umhverfiráðuneytið. Nú voru orðnir tveir ráðherrar úr Borgaraflokknum, Júlíus ásamt Ólafi Þ. Þórðarsyni sem var frá fyrsta degi dómsmálaráðherra.<sup>141</sup>

Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lifði til næstu alþingiskosninga en Borgaraflokkurinn lifði ekki svo lengi. Borgaraflokkurinn bauð ekki fram til kosningana 1991.<sup>142</sup>

---

<sup>141</sup> Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, 284.

<sup>142</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 231.

## 5 Niðurstöður

Albert Guðmundsson myndi falla ágætlega undir kenningu Weber um stjórnámamanninn. Albert sóttist eftir völdum á öllum vígstöðum. Hann var borgarfulltrúi, alþingismaður og ráðherra. Þegar hann hafði náð þessum markmiðum ákvað hann að gefa kost á sér sem forseti landsins. Hann hafði ákveðnar skoðanir á forsetaembættinu sem hann vildi gera valdameira. Hann fékk þokkalegt fylgi í forsetakosningum en náði ekki kjöri. Weber talaði líka um að völdin sem stjórnámamaðurinn notar til að ná markmiðum sínum og skiptir engu hvort stjórnámamaðurinn hugsar einungis um eigin hag.<sup>143</sup>

Weber skipti valdinu í þrjá flokka, hefðarvald, náðarforystu og lögmæt yfirráð. Albert fellur vel að skilgreiningu Webers á „náðarforystu“. Hann nær að hrífa fólk með sér og fær það til þess að treysta sér. Hann hefur eiginleika foringja, en um leið og hann tapar fylgi eða fellur frá þá hættir hreyfingin sem hann var búinn að mynda í kringum sig.<sup>144</sup> Albert náði að fá fólkið með sér bæði í prófkjörskosningum og einnig þegar Borgaraflokkurinn var stofnaður og þegar honum var boðið sendiherrastarf í Frakklandi og hætti afskiptum stjórnmála, missti flokkurinn fylgi og þurrkaðist út.<sup>145</sup>

Sjálfstæðisflokkurinn reyndi að auka lýðræði innan flokksins með prófkjörum. Opin prófkjör höfðu þó ekki góð áhrif á skipulag hans.

Um leið og Albert hóf afskipti af stjórnmálum náði hann strax ágætis árangri í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins. Hann var fyrrverandi knattspyrnumaður og kom keppnisskapið honum vel. Hann var vanur að keppa en þegar hann var atvinnumaður í knattspyrnu var hann hluti af einni heild, liðsheildinni sem keppti á móti öðrum liðum, að sama markmiðinu. Það var að sigra. Starf hans innan stjórnmálaflokksins ætti að vera líkt og að vera á knattspyrnuvelli, liðsheildin að keppa á móti öðrum liðunum (flokkum) að sama markmiði, sigri. Hann þurfti að koma sér upp sérstakri liðsheild svo hann gæti unnið sigra í prófkjörum og varð Hulduherinn til. Dóttir hans stjórnaði honum og átti hann henni mikið að þakka.

---

<sup>143</sup> Weber, *Mennt og máttur*, 121.

<sup>144</sup> Weber, *Mennt og máttur*, 122.

<sup>145</sup> Ásgeir Hannes Eiríksson, *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*, 231.



Árangur hans í prófkjörum var góður og hjálpuðu þau Alberti að ná langt innan stjórnmalanna á skömmum tíma og að öðlast mikið persónufylgi.

Eftir að prófkjör verða algeng innan Sjálfstæðisflokksins verða persónustjórnmal það líka. Fólk hópar sig saman og styður ákveðna einstaklinga innan flokksins en prókjör eru einstaklingsmiðuð og vinnur því prókjörið gegn liðsheildinni eða stjórnmalaflokknum. Barátta stjórnmalamanna í prókjörum gat verið hörð og þótti eftirsóknarvert að vera ofarlega á lista sem var oftast ávísun á frama hvort sem er í landsmálum eða borgarstjórn.

Stjórnmalaflokkar á Íslandi eru ekki skipulagðir. Persónustjórnmal eru áberandi hafa aukist síðustu ár. Prófkjör hafa haft áhrif á skipulag flokkana, gert þá veikari. Sjálfstæðisflokkurinn á árunum 1970-1987 er lýsandi dæmi um þetta. Flokkurinn var klofinn í tvær fylkingar, Gunnarsmenn og Geirsmenn. Prófkjör voru tíð þar sem einstaklingar berjast hver gegn öðrum. Sá sem fær fleiri atkvæði í 1 sætið vinnur. Þegar búið er að kjósa frambjóðendur verða þeir að vinna saman, með hagsmundur flokksins að leiðarljósi. Þá eru þeir kannski búnir að heyja mikla baráttu til að ná langt en eiga síðan að vinna saman og það getur reynst mönnum erfitt.

Prófkjörin áttu að efla lýðræði í stjórnmalaflokkunum en miðað við kenningu Alan Ware geta stjórnmalaflokkar tryggt lýðræði með því að stjórna landinu með hagsmuni einstaklinganna að leiðarljósi, upplýsa fólk um hvað stjórnmal fjalla og gera stjórnmalamenn ábyrga.<sup>146</sup>

Prófkjör auka endurnýjun á framboðslistum, ungt óreynt fólk kemst í meira mæla við völd og hafa engan skilning á því starfi sem fram fer innan stjórnmalaflokka. Þau skilja ekki skipulag flokksins og þeirri vinnu sem þau þurfa að skila svo hægt verði að vinna að hagsmunum einstaklinga. Miðað við það eru prófkjörin ekki besta tækið til að efla lýðræði í stjórnmalaflokkum.

Albert Guðmundsson fór sínar eigin leiðir. Hann hundsaði stefnu Sjálfstæðisflokksins ef hann var ósammála. Reynsla hans var mikil og stuðningsmenn hans voru honum tryggir. Stuðningsmenn hans voru ekki bara í röðum flokksmanna heldur sótti hann fylgi sitt langt út fyrir flokkinn. Sætir sigrar hans í prókjörum voru ekki síst því að

---

<sup>146</sup> Svanur Kristjánsson, *Frá flokksræði til persónustjórnmal. Fjórflökkarnir 1959-1991*, 243-245.

Þakka hversu breiða skírskotun hann hafði til almennings. Fyrirgreislan skipti miklu máli í samskiptum hans við fólk en hann átti hönk upp í bakið á ansi mörgum. Hann var búinn að stunda fyrirgreiðsluna í mörg ár en með henni hafði hann mikil völd. Gat ákveðið hver fékk fyrirgreiðslu og þegar hann stofnar Borgaraflokkinn ætlaðist hann til að fá greiða til baka.

Það var engu líkara en stuðningsmenn hans væru tilbúnir því að hann myndi kjúfa Sjálfstæðisflokkinn og stofna nýjan flokk, Borgaraflokkinn. Allt hjálpaði honum, borgarmálin og fyrirgreiðslan, landsmálin og framboðið til forseta Íslands. Þrátt fyrir hneykslismál þá náði Albert og Borgaraflokkurinn að koma höggi á Sjálfstæðisflokkinn. Borgaraflokkurinn vann góðan kosningasigur. Hann var sögulegur því aldrei hafði klofningsframboð náð eins miklum þingstyrk.<sup>147</sup> Fylgið kom nær eingöngu frá Sjálfstæðisflokknum. Stærstur var sigurinn í Reykjavík þar sem Albert skipaði fyrsta sæti framboðslistanum.<sup>148</sup> Albert náði athygli fjölmiðlana og fylgdu þeir honum eins og skugginn mánuðinn fyrir kosningarnar. Fjölmiðlarnir hjálpuðu honum að fá aukna athygli og hann fékk samúð fólks vegna Hafskipsmálsins.

Þegar Þorsteinn Pálsson verður formaður Sjálfstæðisflokksins breytast áherslur innan flokksins og nýtt fólk lætur að sér kveða innan hans, aðrar áherslur og nýtt fólk. Klofningurinn var árás Alberts á Þorstein fyrir að standa ekki með honum þegar hann sætti hvað mestum árásum vegna Hafskipsmála. Borgaraflokkurinn var stofnaður svo Albert kæmist á þing og gæti viðhaldið völdum sínum. Það sást glögglega þegar Alberti er boðið sendiherrastarf í Frakklandi, þá missir Borgaraflokkurinn allt fylgi sitt og flokkurinn lognast út af.

Hafskipsmálið varð Albert að falli í Sjálfstæðisflokknum. Þegar stjórnmalamaður gegnir svo mörgum hlutverkum, er ráðherra, stjórnarformaður og á eigið fyrirtæki þá verður að gæta þess að hlutverkin skarist ekki. Stjórnmalamaður á að bera ábyrgð á gjörðum sínum. Alberti fataðist flugið, hann missti yfirsýn og hætti að gera greinarmun á opinberum störfum sínum og þeim störfum sem hann gegndi fyrir Hafskip og í eigin

---

<sup>147</sup> Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, 176.

<sup>148</sup> *Morgunblaðið*, „Úrslit alþingiskosninga 1987“, 28. apríl. 1987.

fyrirtæki. Að lokum fékk hann sendiherrastól eins og svo margir fyrrverandi ráðherrar fá eftir langan feril og má túlka það sem umbun fyrir góð störf í gegnum tíðina.

Þegar skoðuð er sú atburðarás sem var innan Sjálfstæðisflokksins með tilkomu prófkjöra var undarlegt að fylkingarnar tvær sem mynduðust innan flokksins klufu sig ekki frá honum. Á sama tíma og talað var um að Gunnar sem friðarspillir, þá má álykta að Geir hafi verið friðarsinni, hann vildi halda friðinn innan flokksins.

Prófkjörin leiddu til persónustjórn mála. Albert var aldrei í forystu Sjálfstæðisflokksins og gæti það stafað af lítilli flokkshollustu. Það sem honum einna helst vantaði þegar Hafskipsmálið náði hámarki var stuðningur Sjálfstæðisflokksins en af hverju átti flokkurinn að styðja við bakið á manni sem fór sínar eigin leiðir. Hann þaut áfram eins og knattspyrnumaður hleypur með boltann á undan sér og ætlar að skora, takast ætlunarverk sitt. Á knattspyrnuvellið er þetta leiðin til þess að sigra og ná árangri en í stjórn máluðum gilda aðrar reglur.

## Heimildaskrá

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. „Ég hef ekki gleymt uppruna mínum“ *Morgunblaðið* 21. Júní 1980.

*Alþingi*. Albert Guðmundsson (Albert Sigurður) sótt 28. nóvember 2013 af althingi.is <http://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=15>

Anders Hansen og Hreinn Loftsson. *Valdatafl í Valhöll, Átökin í Sjálfstæðisflokknum*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur Hf., 1980.

Ásgeir Hannes Eiríksson. *Ein með öllu. Áfangaskýrsla frá áhorfanda*. Reykjavík: Fróði Hf., 1990.

*Dagblaðið Vísir*. „Skoðanakönnun DV í gærkvöldi: Borgaraflokkurinn heldur fylgi sínu“, 22. apríl 1987.

*Dagblaðið Vísir*. „Albert hlaut langflest atkvæði í fyrsta sæti“, 20. október 1986.

*Dagblaðið Vísir*. „Albert hótar sérframboði“, 23. mars 1987.

*Dagblaðið Vísir*. „Borgaraflokkurinn fer niður í tólf prósent“, 13. apríl 1987.

*Dagblaðið Vísir*. „Framboðslistar í öllum kjördæmum?“, 28. mars 1987.

*Dagblaðið Vísir*. „Skoðanakönnun DV um fylgi flokkanna: Borgaraflokkurinn með 17% á landsvísu“ 30. mars 1987.

*Dagblaðið Vísir*. „Stend á krossgötum“, 25. mars 1987.

*Dagblaðið Vísir*. „Úrslit í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík: Geir Hallgrímsson lenti í sjöunda sæti“, 30. nóvember 1982.

Dagur B. Eggertsson. *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson, Ævisaga III*. Reykjavík: Vaka Helgafell hf., 2000.

Dagur B. Eggertsson. *Steingrímur Hermannsson, Ævisaga II*. Reykjavík: Vaka Helgafell hf., 1999.

Guðni Th. Jóhannesson. *Gunnar Thoroddsen, Ævisaga*. Reykjavík: JPV Útgáfa, 2010.

Gunnar Gunnarsson. *Albert. Hér segir Albert Guðmundsson frá uppvaxtarárum sínum, ævi og ferli*. Reykjavík: Setberg, 1982.

Gunnar Helgi Kristinsson. „Fjölmennustu flokkar heims: meðlimaskipulag Íslenskra stjórnmalaflokka.“ *Stjórnmal og stjórnsýsla*. 2. tbl. 6 árg. 2010.

Gunnar Helgi Kristjánsson. *Íslenska stjórnkerfið*. 2. útg. Reykjavík: Háskóli Íslands, 2007.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson. *Sjálfstæðisflokkurinn í sextíu ár*. Ritnefnd Björg Einarsdóttir, Davíð Ólafsson og Óskar Magnússon. Reykjavík: Sjálfstæðisflokkurinn, 1989.

*Helgarpósturinn*. „Er Hafskip að sökkva?“ 6. júní 1985.

Jónína Michaelsdóttir. „Geir Hallgrímsson.“ *Í Forsætisráðherrar Íslands. Ráðherrar Íslands og forsætisráðherrar í 100 ár*, ritstýrt af Ólafi Teiti Guðnasyni, 351-371. Forsætisráðuneytið og Bókaútgáfan Hólar, 2004.

*Morgunblaðið*. „Feðgar á þingi í fyrsta sinn á þessari öld“, 28. apríl 1987.

*Morgunblaðið*. „Albert yfirgefur D-listann – framboð Borgaraflokks“, 27. mars 1987.

*Morgunblaðið*. „Prófkjör Sjálfstæðisflokksins: Átta efstu fengu bindandi kosningu“ 27. nóvember 1985.

*Morgunblaðið*. „Úrslit alþingiskosninga 1987“, 28. apríl. 1987.

Ólafur Ragnarsson. *Gunnar Thoroddsen*. Reykjavík: Vaka-bókaútgáfa, 1981.

Róbert Jack, *Séra Róbert Jack: Sjálfsævisaga- annað bindi. Knattspyrnuþjálfarinn, sem gerðist sveitaprestur á Íslandi*. Reykjavík: Róbert Jack, 1988.

Sjálfstæðisflokkurinn XD.is „Saga flokksins“ Um flokkinn sótt 20. september 2013 af <http://www.xd.is/um-flokkinn/saga-flokksins/>

Sjálfstæðisflokkurinn XD.is „Sjálfstæðisflokkurinn“ Um Sjálfstæðisflokkinn sótt 20. september 2013 af <http://www.xd.is/um-sjalfstaedisflokkinn/>

Stefán Gunnar Sveinsson. *Afdrif Hafskips í boði hins opinbera*. Reykjavík: JPV útgáfa, 2008.

Stefnuskrá Borgaraflokksins fyrir Alþingiskosningar 25. apríl 1987. Samþykkt 29. mars 1987, 3.útgáfa.

Steinar J. Lúðvíksson. „Þorsteinn Pálsson.“ *Í Forsætisráðherrar Íslands, Ráðherrar Íslands og forsætisráðherrar í 100 ár*, ritstýrt af Ólafi Teiti Guðnasyni, 435-450. Forsætisráðuneytið og Bókaútgáfan Hólar, 2004.

Styrmir Gunnarsson. *Sjálfstæðisflokkurinn, átök og uppgjör*. Reykjavík: Veröld, 2012.

Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir. *Konur, flokkar og framboð*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001

Svanur Kristjánsson. „Valdið og borgin“ í *Þjóðlíf* 1986 1. tbl. 2. árg. mars 1986.

Svanur Kristjánsson. *Frá flokksræði til persónustjórn mála, Fjórflökkarnir 1959-1991*, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 1994.

Weber, Max. *Mennt og máttur*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1973.

*Þjóðviljinn*. „Albert gildir fyrir vestan“, 1. apríl, 1987.